

VÍÐISTAÐAKIRKJA

Handbók

2018

Víðistaðasókn

VÍÐISTAÐAKIRKJA | GARÐAVEGI 23 HAFNARFIRÐI

Efnisyfirlit

Kirkjan	4
Þjóðkirkjan.....	4
Kjalarnesprófastsdæmi.....	4
Víðistaðasókn	4
Undirbúningur kirkjubyggingar	5
Víðistaðir	5
Víðistaðakirkja	5
Freskumyndir.....	6
Safnaðarheimilið.....	6
Sóknarnefnd	7
Hlutverk	7
Verkaskipting.....	7
Formaður	7
Gjaldkeri	7
Ritari	7
Safnaðarfulltrúi.....	8
Framkvæmdanefnd	8
Sóknarnefnd Víðistaðakirkju	8
Starfsfólk.....	9
Sóknarprestur	9
Kirkjuvörður.....	9
Organisti	9
Æskulýðsfulltrúi	9
Helgihald	10
Guðsþjónustur.....	10
Sunnudagaskólinn	10
Kyrrðarstundir	10
Biblíuleg íhugun.....	10
Safnaðarstarf	11
Messuhópar.....	11
Barnastarf	11
Tónlistarstarf	11
Kirkjukór	12
Barnakór	12
Félagsstarf	12

Systrafélag Víðistaðasóknar	12
Fermingarstarf.....	13
Annað	13
Vetrardagar í Víðistaðakirkju.....	13
Kirkjukveðja - safnaðarblað	13
Heimasíða Víðistaðakirkju	13
Framtíðarsýn, grundvöllur, hlutverk og meginstefna	14
Framtíðarsýn Víðistaðakirkju.....	15
Einkunnarorð	15
Grundvöllur	15
Hlutverk	15
Meginstefna	16
Meginverkefni	18
Boðun	18
Helgihald og kirkjutónlist.....	18
Kærleikspjónusta og hjálparstarf.....	19
Fræðsla	20
Menning	21
Fjármál, húsnæði og aðstaða	21
Starfsmannamál	22
Upplýsingamál	23
Skipulag Víðistaðakirkju.....	23
Starfslýsingar.....	24
Vígslubréf presta	24
Starfslýsing kirkjuvarðar	24
Starfslýsing æskulýðsfulltrúa.....	26
Leiðbeiningar fyrir umsækjendur í barna- og unglingastarf kirkjunnar	26
Reglur, verklagsreglur og stefnur	27
Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011	27
Starfsreglur um presta nr. 1110/2011.....	33
Starfsreglur um organista 823/1999	37
Siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar	39
Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009	41
Siðareglur fyrir fólk sem starfar með börnum og unglingum í kristilegu starfi	42
Heilræði fyrir fólk sem starfar með börnum og unglingum	43
Starfsmannastefna Þjóðkirkjunnar	44

Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar og umhverfisstarf í söfnum	46
Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar	47
Reglur vegna útleigu á kirkju	48
Guðspjónusta – Gátlisti f. kirkjuvörð og messuþjóna.....	49
Guðspjónusta – Gátlisti	50
Hjónavígsla – Gátlisti	51
Skírn – Gátlisti.....	52
Útför – Gátlisti	53
Vinnuskýrsla - Barna og æskulýðsstarf í Víðistaðakirkju	54

Kirkjan

Þjóðkirkjan

Víðistaðakirkja tilheyrir íslensku þjóðkirkjunni sem er evangelísk-lútersk kirkja. Þjóðkirkjan er frjálst og sjálfstætt trúfélag sem starfar um allt land. Allir landsmenn geta tilheyrt henni. Þéttriðið net sókna um land allt tryggir að þjónusta kirkjunnar nái til landsmanna allra. Þjóðkirkjan er opin öllum, allir eiga aðgang að þjónustu hennar og eru ekki krafðir um trúarafstöðu.

Biskup Íslands er æðsti embættismaður þjóðkirkjunnar. Biskup fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Agnes M. Sigurðardóttir er biskups Íslands. Henni til fulltingis eru tveir vígslubiskupar. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, og Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum. Biskuparnir þrír eiga sæti á biskupafundur sem er haldinn til samráðs um biskupsþjónustuna og upplýsinga um málefni kirkju og kristni.

Biskupi til aðstoðar starfa einnig níu prófastar sem gegna forystu gegna forystuhlutverki, hver í sínu prófastsdæmi.

Í prestaköllum um allt land starfar á annað hundrað sóknarpresta og presta. Prestarnir teljast til embættismanna kirkjunnar. Að auki starfar í sóknum þjóðkirkjunnar fjöldi djákna, organista, kirkjuvarða, æskulýðsfulltrúa auk annars starfsfólks og mikill fjöldi sjálfboðaliða sem meðal annars þjónar í sóknarnefndum kirkjunnar.

Kjalarnesprófastsdæmi

Víðistaðasókn tilheyrir Kjalarnesprófastsdæmi sem er víðfeðmt prófastsdæmi á suðvesturhorni landsins og nær allt frá Hvalfjarðarbotni um Kjalarnes, Mosfellsbæ, Garðabæ, Hafnarfjörð og Reykjanes. Í prófastsdæminu, sem er eitt hið elsta á landinu, eru 16 sóknir og kýs hver sókn sér safnaðarfulltrúa úr hópi sóknarnefndarmanna sem sitja héraðsfundi prófastsdæmisins. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmisins til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd.

Prófastur er sr. Þórhildur Ólafs og starfsmaður prófastsdæmisins er sr. Stefán Már Gunnlaugsson.

Víðistaðasókn

Víðistaðasókn varð til þann 1. janúar árið 1977 er skipting Hafnarfjarðarprestakalls tók formlega gildi. Sóknarmörkin voru ákveðin við Reykjavíkurveg þannig að hin nýja sókn næði yfir byggðina þar norðan og vestan við og er svo enn.

Fyrsti safnaðarfundur Víðistaðasóknar var haldinn þann 18. janúar árið 1977. Sr. Garðar Þorsteinsson prófastur setti fundinn og var helsta mál á dagskrá að kjósa fyrstu sóknarnefndina. Að því loknu hófust umræður og m.a. annars um mögulega staðsetningu safnaðarheimilis og kirkju fyrir söfnuðinn í framtíðinni og nefndi sr. Garðar sérstaklega svæði nálægt Víðistaðaskóla.

Þann 13. mars sama ár fóru fram prestskosningar í söfnuðinum og var sr. Sigurður H. Guðmundsson kjörinn og síðan skipaður fyrsti sóknarprestur í Víðistaðaprestakalli frá 1. maí 1977.

Í fyrstunni var engin aðstaða í sókninni fyrir safnaðarstarf, þó söfnuðurinn hefði áfram afnotarétt af Hafnarfjarðarkirkju fyrir helgihald og athafnir. Þess vegna var strax farið að huga að hentugu húsnæði fyrir safnaðarheimili. Fljótlega hófust samningaviðræður við DAS um afnot af sal í dvalarheimilinu Hrafnistu við Skjólvang sem enduðu með því að þar var nýtt safnaðarheimili vígt fyrsta sunnudag í aðventu þann 27. nóvember 1977 af biskupi Íslands herra Sigurbirni Einarssyni.

Undirbúningur kirkjubyggingar

Í byrjun árs 1978 fóru fyrir alvöru af stað umræður um fyrirhugaða byggingu kirkju og safnaðarheimilis í Víðistaðasókn og jafnframt kannaðir þeir staðir sem til greina þóttu koma. Á sóknarnefndarfundi þann 12. febrúar 1978 var helst rætt um staðarvalið og var nefndin „sammála um að mæla með hjallanum fyrir ofan Víðistaðatúnið, þar sem sláturhúsið stendur nú.“ (Fundargerðabók Víðistaðasóknar, 32. fundur 12. feb. 1979)

Þann 17. maí sama ár var síðan ákveðið á fundi nefndarinnar að leita til Óla G. H. Þórðarsonar arkitekts að teikna kirkju fyrir söfnuðinn og tók hann hönnunina að sér ásamt eiginkonu sinni Lovisu Christiansen innanhússarkitekti.

Það var síðan 12. júní sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti „að svæði ofan gömlu lýsisbræðslunnar í landi Víðistaða skuli ætlað fyrir kirkju og safnaðarheimili Víðistaðasóknar.“ (Fundargerðabók Víðistaðasóknar, 34. fundur 27. ág. 1979)

Víðistaðir

Á þessum stað stóð áður býlið Víðistaðir, sem dró nafn sitt af víðinum sem óx í hrauninu. Til er gömul þjóðsaga um tilurð þessa svæðis sem nefnt er Víðistaðatún. Sagan segir að þar hafa smali frá Görðum gætt fjár og hafi eitt sinn gleymt sér í eigin hugarheimi þegar hann uppgötvaði að hraun var farið að renna þar nærri og hafði lokað leið hans. Sagt er að hann hafi þá lagst á bæn og beðið að féð sem honum hafði verið trúað fyrir sakaði ekki; og svo fór að hraunið hlóðst upp í kringum Víðistaðatún svo smalanum og fénu var borgið.

Þetta er þó aðeins þjóðsaga, því vitað er að þar sem Víðistaðatúnið liggur var áður eyja. Hraunið rann síðan umhverfis eyjuna, sem síðar blés upp og jarðvegurinn f auk út í hraunið, en eftir var sléttlendi þar sem túnið er nú.

Margvísleg starfsemi hefur verið á Víðistöðum í gegnum tíðina og má þar nefna lýsisbræðslu og sláturhús. En nú stendur þar falleg kirkja, - miðstöð safnaðarstarfsins í Víðistaðasókn.

Víðistaðakirkja

Fyrsta skóflustungan að nýju kirkjunni var tekin á sumardaginn fyrsta 23. apríl 1981 og hófust framkvæmdir við bygginguna í kjölfarið. Á næstu árum var unnið við verkið og lögðu þar margir aðilar hönd á plóg. Byggingarnefnd var sett á laggirnar til þess að halda utan um framkvæmdir og fjáröflunarnefnd til þess að afla fjár til verksins.

Þótt kirkjubyggingin væri ekki komin langt á veg í upphafi árs 1982 var þá þegar farið að huga að listskreytingum í kirkjuna. Sóknarpresturinn sr. Sigurður Helgi átti samtál við listamanninn Baltasar Samper og í framhaldi af því var undirritaður samningur við hann 20. apríl um gerð freskumynda í kirkjuna. Það liðu hins vegar nokkur ár þar til byggingin var komin á það stig að listamaðurinn gæti hafið verk sitt en það var á haustmánuðum 1986.

Þannig miðaði framkvæmdum hægt en örugglega áfram. Það var síðan í byrjun árs 1988 að þær voru komnar á það lokastig að hægt væri að taka húsið í notkun og fór vígsla Víðistaðakirkju fram sunnudaginn 28. febrúar árið 1988.

Við hönnun kirkjunnar var haft í huga mikilvægi þess að hægt væri að samnýta sem best rými kirkjunnar í safnaðarstarfinu. Í kirkjuskipinu rúmast um 380 manns en hægt er að opna inn í safnaðarsalinn og auka þannig rýmið fyrir um 120 manns til viðbótar. Einnig er hægt að sitja á svölum yfir miðju kirkjuskipinu. Þá var gert ráð fyrir því að hægt væri að opna inn í kennslustofu til að auka rýmið enn frekar, en þar á eftir að koma fyrir rennihurð í þeim tilgangi.

Miðað við upphaflegar hugmyndir arkitekts kirkjunnar er byggingunni ekki enn lokið. Það stóð ávallt til að reisa klukkuturn við kirkjuna og hefur verið unnið að undirbúningi þess á undanförunum árum en óvíst hvenær hægt verður að ráðast í framkvæmdina.

Þann 3. mars 2013 var haldið upp á 25 ára vígsluafmæli kirkjunnar og á þessum árum hefur Víðistaðakirkja, fallett hús á góðum stað, sett svip sinn á umhverfið í sókninni og öðlast fastan sess í hugum Hafnfirðinga. En fyrst og fremst hefur kirkjan þó verið góð umgjörð um allt það starf sem unnið hefur verið söfnuði til blessunar og Drottni til dýrðar á þessum stutta tíma í sögu kristinnar.

Freskumyndir

Allt frá vígslu Víðistaðakirkju 1988 hafa hinar miklu freskumyndir sem prýða veggir hennar vakið mikla athygli, enda um einstæð listaverk að ræða. Það tók listamanninn Baltasar Samper um tvö ár að undirbúa gerð myndanna, enda augljóslega mikil forvinna að baki bæði guðfræðileg og við skissugerð þar til endanlegu takmarki var náð. Uppsetning myndanna tók hins vegar ekki svo mjög langan tíma, því Baltasar málaði þær á röskum þremur mánuðum frá hausti 1986 og til 9. janúar 1987 er hann lauk verki sínu.

Bakgrunnur freskumyndanna í Biblíunni eru sæluboð Frelsarans í Fjallræðunni: „Þegar Jesús sá mannfjöldann, gekk hann upp á fjallið. Þar settist hann, og lærisveinar hans komu til hans. Þá lauk hann upp munni sínum, kenndi þeim og sagði: „**Sælir eru.....**”

Þegar kirkjugestir ganga inn í Víðistaðakirkju sjá þeir Jesú Krist á myndinni fyrir miðju, ofan við altarið. Jesús brosir, enda flytur hann fagnaðarerindið og réttir um leið upp hönd sína til þess að leggja áherslu á orðin er hann mælir til fólksins,- fólks sem er af báðum kynjum og á öllum aldri. Allir virðast hlýða á hann, þó ein konan snúi sér frá honum. Þannig talar hann til áheyrenda á öllum tímum um leið og hann miðlar birtu sannleikans inn í heiminn, eins og myndin ber með sér svo björt og geislandi.

Safnaðarheimilið

Meginhluti safnaðarheimilis kirkjunnar er safnaðarsalurinn sem er við norðurhlið kirkjuskipsins. Hægt að opna þar á milli í fjölmönnum athöfnum og er þá mögulegt að bæta við nálægt 120 sætum. Þegar salurinn er hins vegar notaður fyrir kirkjukaffi, erfisdrykkjur eða veislur er hægt að dekka borð fyrir um 100 manns.

Innaf salnum er gott fullbúið eldhús, sem var algjörlega endurnýjað árið 2011, og upp á næstu hæð loftsalurinn, minni salur sem oft er notaður samhliða aðalsalnum þegar fjöldinn er það mikill að hann rúmast ekki eingöngu niðri.

Safnaðarheimilið er leigt út fyrir ýmiss konar samkomur. Salurinn er notalegur og öll aðstaða hin ákjósanlegasta fyrir margvísleg tilefni, t.d. erfisdrykkjur, skírnar- og fermingarveislur, brúðkaupsveislur, útskriftarveislur, fundi og ráðstefnur svo eitthvað sé nefnt. Bókun safnaðarheimilis er á höndum Karls Kristensen kirkjuvarðar (sjá starfsfólk).

Margrét Alexandersdóttir starfar sem verktaki við kirkjuna og þegar salurinn er leigður út er hún alltaf til staðar og heldur utan um veislurnar fyrir leigutaka svo sem óskað er eftir. Þegar salurinn hefur verið bókaður hjá kirkjuverði þá er nauðsynlegt að hafa sem fyrst samband við Margréti varðandi allt fyrirkomulag í salnum. Sími hjá henni eru: 898-3717.

Sóknarnefnd

Hlutverk

Sóknarnefnd starfar eftir starfsreglum um sóknarnefndir nr. 1111/2011. Sóknarnefnd er skipuð leikmönnum sem kjörnir eru til fjögurra ára í senn og starfar hún undir forystu sóknarnefndarformanns í nánu samstarfi við sóknarprest. Sóknarnefnd starfar við hlið sóknarprests og er í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Sóknarnefnd annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulega þjónustu í sókninni ásamt prest og starfsmönnum hennar.

Verkaskipting

Sóknarnefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara. Þá er safnaðarfulltrúi kosinn úr hópi sóknarnefndarmanna.

Formaður

Formaður fer með yfirstjórn safnaðarstarfsins og stjórn framkvæmdanefndar. Hann ber ábyrgð á fundarstjórn sóknarfunda og aðstoðar við úrlausn daglegra vandamála. Formaður er fulltrúi sóknarnefndar út á við og annast samskipti við biskupsstofu, prófast og aðrar sóknarnefndir. Formaður sóknarnefndar er jafnframt formaður framkvæmdanefndar.

Varaformaður er staðgengill formanns og stjórnar sóknarnefndarfundum í fjarveru hans.

Gjaldkeri

Gjaldkeri annast fjárreiður kirkjunnar og situr í framkvæmdanefnd hennar.

Ritari

Ritari bókar fundargerðir og sendir þær til sóknarnefndarmanna. Hann á sæti í framkvæmdanefnd.

Safnaðarfulltrúi

Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa úr og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.

Framkvæmdanefnd

Framkvæmdanefnd tekur ákvarðanir um daglegan rekstur kirkjunnar milli safnaðarfunda og hefur umsjón með starfsmannahaldi kirkjunnar.

Í framkvæmdanefnd eru:

- Hjörleifur Þórarinsson, formaður sóknarnefndar.
- Valgerður Sigurðardóttir, varaformaður sóknarnefndar.
- Gylfi Ingvarsson, ritari sóknarnefndar.
- Gunnar Hólmsteinsson, gjaldkeri sóknarnefndar.

Sóknarnefnd Viðistaðakirkju

Aðalmenn

- **Formaður:** Hjörleifur Þórarinsson, Heiðvangi 72, Hafnarfirði.
Sími 565-3713. GSM: 660-3707. Netfang: hjorleifur.th@gmail.com
- **Varaformaður:** Valgerður Sigurðardóttir, Norðurbakka 11c, Hafnarfirði.
Sími: 555-3132. GSM: 896-3122. Netfang: valaboddi@simnet.is.
- **Ritari:** Gylfi Ingvarsson, Garðavegi 5, Hafnarfirði.
Sími: 565-1452. GSM: 896-4001. Netfang: gylfiing@simnet.is.
- **Gjaldkeri:** Gunnar Hólmsteinsson, Norðurvangi 36, Hafnarfirði.
Sími: 555-2580. GSM: 690-6953. Netfang: gholm2@simnet.is.
- **Meðstjórnandi:** Helga Ragnheiður Stefánsdóttir, Sævangi 44, Hafnarfirði.
Sími: 555-1528. Netfang: helgaragnheidur@gmail.com.
- **Meðstjórnandi:** Guðrún Óla Pétursdóttir, Hraunbrún 48, Hafnarfirði.
Sími: 555-3328. Netfang: ola@otr.is.
- **Meðstjórnandi og safnaðarfulltrúi:** Þóroddur S. Skaptason, Miðvangi 3, Hafnarfirði.
Sími: 565-1624. GSM: 868-4508. Netfang: thoroddur.skaptason@isl.is.

Varamenn

- Signý Jóhannesdóttir, Blómvangi 20, Hafnarfirði.
Sími: 555-3494. Netfang: sijo@visir.is.
- Kristín B. Sigurbjörnsdóttir, Laufvangi 1, Hafnarfirði.
Sími: 555-2045. Netfang: kristinb@explorer.is.
- Ólöf Helga Júlíusdóttir, Sævangi 18, Hafnarfirði.
Sími: 555-3757. GSM: 893-2902. Netfang: olof.juliusdottir@fjordur.hg.is.
- Guðlaug Sigurðardóttir, Suðurvangi 23b, Hafnarfirði.
Sími: 565-8373. Netfang: gsig@hotmail.com.
- Erla Kristinsdóttir, Hraunbrún 48, Hafnarfirði.
Sími: 555-0482. GSM: 892-6628. Netfang: erlakristins@simnet.is.
- Ragnar Z. Guðjónsson, Hraunbrún 6, Hafnarfirði.
Sími: 555-0098. GSM: 898-5131. Netfang: ragnar.gudjonsson@greyteam.is.

- Þorgeir Albert Elíesersson, Norðurbraut 9, Hafnarfirði.
Sími: 564-5704. GSM: 860-5802.

Starfsfólk

Sóknarprestur

Sr. Bragi J. Ingibergsson.
Sími: 565-2050. GSM: 894-7173. Netfang: srbragi@vidistadakirkja.is.

Kirkjuvörður

Karl Kristensen.
Sími: 565-2051. GSM: 863-1055. Netfang: karl@vidistadakirkja.is.

Organisti

Helga Þórdís Guðmundsdóttir.
Sími: 565-2053. GSM: 868-3110. Netfang: helga@vidistadakirkja.is.

Æskulýðsfulltrúi

María Gunnarsdóttir.
GSM: 698-5257. Netfang: mariagunn@gmail.com.

Helgihald

Guðspjónustur

Guðspjónustur eru í Víðistaðakirkju á hverjum sunnudegi klukkan 11:00. Einu sinni í mánuði (oftast þriðja sunnudag í mánuði, en getur þó verið breytilegt) eru haldnar fjölskylduhátíðir þegar kirkjuskólanum og fjölskylduguðspjónustunni er fléttað saman í eina athöfn. Þá eru einnig einu sinni í mánuði svokallaðar tónlistarguðspjónustur, þar sem flutt er sérstök tónlist hverju sinni.

Í júní er helgihaldið fært til kvölds og boðið upp á ljúfar stundir sem kallaðar hafa verið „helgistund á sumarkvöldi“ og hefjast klukkan 20:00. Í júlí og ágúst fellur allt helgihald niður vegna sumarleyfa.

Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn í Víðistaðakirkju er á hverjum sunnudegi klukkan 11:00 yfir vetrartímann. Hann fer fram upp í suðursal kirkjunnar þrjá sunnudaga í mánuði en þann fjórða tengist hann fjölskylduguðspjónustu sem fram fer í kirkjunni.

Kyrrðarstundir

Kyrrðar- og fyrirbænastundir eru í Víðistaðakirkju á hverjum miðvikudegi í hádeginu. Hver stund hefst klukkan 12:05 og er lokið fyrir klukkan 12:30 en þá er boðið upp á súpu og brauð í safnaðarheimilinu. Í hádegisstundunum er blandað saman töluðu orði og tónum, þar sem sérstök áhersla er lögð á mjúka og róandi tónlist. Þá eru fluttar fyrirbænir og getur fólk komið fyrirbænaefnum til sóknarprests eða kirkjuvarðar. Kyrrðar- og fyrirbænastundirnar eru því góður kostur fyrir alla þá sem vilja taka frá kyrrláta og helga stund í erli og amstri hversdagsins til að öðlast ró í huga og frið í hjarta.

Biblíuleg íhugun

Boðið hefur verið upp á biblíulega íhugun en það eru kyrrðar- og íhugunarstundir þar sem íhugaður er einn guðspjallatexti hverju sinni og þá gjarnan komandi sunnudags. Framkvæmdin er samkvæmt hinni fornu Biblíulestraraðferð Lectio Divina/Biblíuleg íhugun. Fyrirkomulag þessara stunda er auglýst sérstaklega á heimasíðu og Facebook síðu Víðistaðakirkju á hverju starfsári.

Safnaðarstarf

Í Víðistaðakirkju er boðið upp á fjölbreytt safnaðarstarf fyrir fólk á öllum aldri þó sérstök áhersla sé lögð á barna- og unglingastarfið.

Messuhópar

Boðið er upp á skemmtilegt og gefandi starf fyrir sjálfboðaliða sem sinna þjónustu við helgihald kirkjunnar. Að jafnaði starfa um 16-18 sjálfboðaliðar, fólk á öllum aldri, í messuhópum Víðistaðakirkju.

Hver hópur mætir að jafnaði í fimmtu hverja messu og sjá messuþjónarnir um ákveðna þætti hennar. Þeir taka til dæmis á móti safnaðarfólki við kirkjudyr, afhenda sálmaþækur og messublað dagsins og leiðbeina fólki ef á þarf að halda. Messuþjónarnir lesa ritningarlestra messunnar, taka þátt í að biðja kirkjubænina og aðstoða við útdeilingu sakramentisins. Þeir eru til taks fyrir prest og kirkjuvörð ef á þarf að halda, hella upp á kirkjukaffi og hjálpa til við að ganga frá eftir messuna. Messuþjónunum standa líka til boða ýmis námskeið og fræðsla um trú og kirkjustarf.

Starf messuþjóna í Víðistaðakirkju er tilboð til þeirra sóknarbarna sem vilja virka þátttöku í starfi hennar á sínum forsendum. Hægt er að skrá sig hjá séra Braga í sínum 565-2050 og 894-7173 eða með netpósti á netfangið srbragi@vidistadakirkja.is. Einnig er hægt að hafa samband við Bergþóru Baldursdóttur sem hefur umsjón með starfinu. Netfangið hennar er bergbald@landspitali.is.

Barnastarf

Barnastarfið er fjölbreytt, fræðandi og fjörukt í aldurshópunum 6-9 ára, 10-12 ára. Æskulýðsfélagið Megas er vettvangur unglínganna. Í starfinu er kennd félagsfærni og lífsleikni (sjálfsvirðing, efling sjálfstrausts, almenn kurteisi, hjálpsemi og hópefli). Kenndur er boðskapur Jesú sem í kjarna sínum gengur út á kærleikann. Kærleikþjónustan í barnastarfinu gengur út á að umsjónamenn þess séu til staðar fyrir börnin, þeim til leiðsagnar og væntumþykju.

6-9 ára starfið er á miðvikudögum frá klukkan 13:30 til 14:30. Farið er í leiki, sungið, fönðrað, perlað, spilað og haldin diskótek. Einnig er böngsum og öðrum tuskudýrum boðið í náttfatapartí.

10-12 ára (TTT) starfið er á miðvikudögum frá klukkan 14:30 til 15:30. Margt er brallað í þessum samverum. Farið er í leiki, fönðrað, lög samin, teiknimyndasögur og leikrit. Stuttmyndir og bænir búna til og hæfileikasýningar haldnar, svo eitthvað sé nefnt.

Unglingastarfið (Megas) er því miður ekki í boði starfsárið 2017-2018.

Umsjón með barnastarfinu hafa þær María Gunnarsdóttir (sími: 698-5257) og Bryndís Svavarsdóttir (sími: 695-4687).

Tónlistarstarf

Kórstarf Víðistaðakirkju er fyrir fólk á öllum aldri. Kór Víðistaðasóknar syngur við flestar guðsþjónustur safnaðarins, heldur árlega tónleika og syngur við ýmis fleiri tilefni. Barnakórar Víðistaðakirkju syngja við fjölskylduhátíðir einu sinni í mánuði og fleiri viðburði.

Kirkjukór

Kirkjukór Víðistaðasóknar tekur þátt í fjölbreyttu söngstarfi kirkjunnar, aðallega í reglulegu helgihaldi en jafnframt öðrum tónlistarflutningi í kirkjunni sem og annars staðar. Í Guðsþjónustum syngur kórinn hefðbundna sálmatónlist en hefur einnig í auknum mæli verið að æfa og flytja léttari söngva sem fallið hafa í góðan jarðveg meðal kirkjugesta. Hvað varðar önnur verkefni, má t.d. nefna tónleika eða þegar farið er í messu- og söngferðir. Stjórnandi kórsins er Helga Þórdís Guðmundsdóttir og eru æfingar vikulega á þriðjudagskvöldum kl. 19:30.

Barnakór

Tveir barnakórar eru í Víðistaðakirkju og eru æfingar á fimmtudögum. Barnakór fyrir 7 til 10 ára börn (2.-4. bekkur) æfir á fimmtudögum klukkan 13:30-14:10. Unglingakór, 11 ára og eldri (5. bekkur og uppúr) æfir á fimmtudögum klukkan 14:30-15:10.

Börnin syngja 4-5 sinnum yfir veturinn í fjölskylduguðsþjónustum eða á öðrum hátíðisstundum í kirkjunni. Verðlaunadagar eru reglulega og ýmislegt annað skemmtilegt og uppbyggilegt fyrir börnin. Lagt er kapp á að þau fái að vinna a.m.k. einu sinni yfir veturinn með þekktum söngvurum og afraksturinn af þeirri vinnu verður fluttur í fjölskyldustund. Reynt verður að stefna að því að komast á a.m.k. eitt kóramót með kórana.

Mikilvægt er að börnin séu skráð í kórinn svo foreldrar séu að fá allar upplýsingar í gegn um tölvupóst, en börnin fá líka alltaf miða með sér heim þegar eitthvað sérstakt er framundan. Sérstakar Facebook grúppur eru til staðar fyrir hvorn kór fyrir sig og hægt að "adda" foreldrum þar út frá netföngum þeirra.

Skráningarblöð liggja frammi í kirkjunni og líka hægt að nálgast þau á æfingum. Kórstjóri er Helga Þórdís, organisti kirkjunnar og er hægt að fá nánari upplýsingar hjá henni á netfangið helga@vidistadakirkja.is eða í síma 8683110. Allt kórarstarf í kirkjunni er gjaldfrjálst og allir eru velkomnir.

Félagsstarf

Systrafélag Víðistaðasóknar

Félagsstarf Systrafélags Víðistaðasóknar hefur blómstrað frá upphafi í bókstaflegri merkingu en félagið var stofnað 11. febrúar árið 1980. Stofnfélagar voru 52 konur og var Brynhildur Ósk Sigurðardóttir kjörin fyrsti formaður félagsins. Allt frá stofnun hefur Systrafélagið unnið mikilvægt og öflugt starf í þágu kirkju og safnaðar. Félagsstarfið er mikilvægur liður í því að auka virkni safnaðarfólks í kirkjustarfinu um leið og það styrkir mjög með framlögum sínum þá ytri umgjörð sem einnig er nauðsynleg í safnaðarheimili og kirkju. Félagið hefur m.a. til fjölda ára stutt barnakór kirkjunnar með veglegum árlegum peningastyrkjum.

Helsta fjáröflunarverkefni félagsins er blómasala á vorin sem þekkt er orðin langt út fyrir mörk sóknarinnar enda hefur hún verið haldin árlega síðan 1985. Vetrarstarfið markast af mánaðarlegum fundum í safnaðarheimilinu sem haldnir eru fyrsta mánudagskvöld hvers mánaðar klukkan 20:00. Formaður félagsins er Sigríður G. Jónsdóttir siggasgj@gmail.com.

Fermingarstarf

Ferming þýðir staðfesting. Í fermingunni staðfestir barnið skuldbindingu foreldra og guðfeðgina í skírnarathöfninni. Það fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun. Fermt er við messu. Til þess að öðlast rétt til að mega fermast stundar fermingarbarnið sérstakt nám í kristnum fræðum hjá presti sínum eða fermingarfræðara, sem kallast fermingarfræðsla.

Annað

Vetrardagar í Víðistaðakirkju

Vetrardagar í Víðistaðakirkju voru fyrst haldnir haustið 2009 og voru upphaflega hugsaðir til þess að vekja athygli íbúa Víðistaðsókna og annarra Hafnfirðinga á því starfi sem kirkjan býður upp á fyrir alla aldurshópa. Hafa Vetrardagarnir verið haldnir árlega síðan í upphafi vetrar.

Um er að ræða vikulanga dagskrá þar sem hið hefðbundna starf er í brennidepli auk þess sem boðið er upp á ýmsa einstaka viðburði því til viðbótar, tónleika, myndlistarsýningar, fyrirlestra, tónlistardagskrá fyrir börn, styrktarverkefni ýmiss konar vegna góðra málefna og margt fleira.

Vetrardagar hafa fallið í góðan jarðveg meðal safnaðarins og fjöldi fólks sótt viðburðina hverju sinni - svo oft hægt hefur verið að telja það í þúsundum ár hvert.

Kirkjukveðja - safnaðarblað

Kirkjukveðja, safnaðarblað Víðistaðasókna, hefur verið gefið út frá árinu 1977 eða frá því að safnaðarstarf hófst í nýstofnaðri sókn. Blaðið hefur komið út í margvíslegu formi einu sinni til tvisvar á ári, lengi vel í formi fréttablaðs um safnaðarstarfið, en hin síðari ár sem einfaldur kynningarbæklingur með yfirliti yfir helgihald og helstu þætti starfsins.

Heimasíða Víðistaðakirkju

Víðistaðakirkja starfrækir eigin heimasíðu á vefslóðinni www.vidistadakirkja.is. Þar má m.a. finna ýmsan fróðleik um kirkjuna, viðtalstíma sóknarprests og tilkynningar um viðburði í kirkjunni og almennt um starfsemi hennar. Víðistaðakirkja er einnig á [Facebook](https://www.facebook.com/vidistadakirkja).

Dagskrá helgihalds í Víðistaðakirkju og dagskrá safnaðarstarfs hverrar viku má sjá á [vef kirkjunnar](#).

Framtíðarsýn, grundvöllur, hlutverk og meginstefna

Víðistaðakirkja byggir framtíðarsýn sína, grundvöll og hlutverk á stefnumörkunarvinnu íslensku Þjóðkirkjunnar sem fram fór með þátttöku safnaða um allt land árið 2003 en niðurstaða þeirrar vinnu var kynnt undir heitinu „Stefna og starfsáherslur Þjóðkirkjunnar 2004-2010“.

Árið 2015 var ákveðið í Víðistaðakirkju að styðjast við aðferðarfræði Náttúrulegrar safnaðaruppbyggingar (NSU – Natural Church Growth Movement) sem byggir á að sjálfsprottnum og sjálfkrafa vexti er leyft að njóta sín. Markmiðið er að upp frá grasrótinni fái söfnuðurinn vöxt og dafni af sjálfum sér. Leiðtogarnir innan safnaðarstarfsins grisja, hlúa að, rækta og snyrta vaxtarsprotu í starfinu.

Náttúruleg safnaðaruppbygging víkur frá aðferðum sem byggðar eru á gagnsemishyggju, það er að tilgangurinn helgi meðalið, og tekur þess í stað mið af kristnum viðhorfum. Lykill að velgengni innan safnaða er samkvæmt kenningunni um náttúrulega safnaðaruppbyggingu byggður á átta gæðamörkum. Gæðamörkin eru:

1. Eflandi stjórnun, einnig þekkt sem þjónandi forysta.
2. Þjónusta sem tekur mið af náðargjöfum.
3. Heitt og einlægt trúarlíf.
4. Virkt skipulag.
5. Helgihald sem gefur innblástur.
6. Altækir smáhópar.
7. Boðun sem tekur mið af þörf.
8. Kærleiksrík samskipti.

Í Víðistaðakirkju er starfandi starfshópur um NSU verkefnið og hefur sóknarnefnd kirkjunnar og sóknarprestur samþykkt tillögur hópsins um hvernig styrkja beri gæðapættina átta í safnaðarstarfinu með sérstaka áherslu á gæðapáttinn „eflandi stjórnun“.

Horft verður til fjögurra þátt í safnaðarstarfinu:

- Stefnu/leiða
- Skipulags
- Samskipta
- Samfélags

Skýrum stefnuna, hvernig gerum við (biðjandi, boðandi, þjónandi). Starfshópurinn leggur til að sóknarnefnd og sóknarprestur móti stefnu kirkjunnar og geri hana opinbera. Til að stuða að „eflandi stjórnun“ í kirkjunni þurfa allir sem að starfinu koma að vera upplýstir og samstíga um það hvernig kirkja ætlar sér að þjóna hlutverki sínu. Í því felst að komist verði að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig uppfylla eigi hlutverk Þjóðkirkjunnar sem er að boða og iðka kristna trú.

Skilgreinum skipulagið – hver gerir hvað og hvernig (staða og hlutverk starfa). Starfshópurinn leggur til að sóknarnefnd og sóknarprestur skilgreini skipulag safnaðarstarfsins. Í því felst að skilgreina þau störf og verkefni sem unnin eru í safnaðarstarfinu (bæði launuð og ólaunuð), hver ber ábyrgð á þeim og hvernig þau skuli unnin (starfslýsingar).

Eflum samskiptin, inná við sem og út á við (tölum saman). Starfshópurinn leggur til að sóknarnefnd og sóknarprestur móti samskiptastefnu, bæði inná við og út á við. Samskipti kirkjunnar eru verkefni alls starfsfólks hennar. Mikilvægt er að efla vitund starfsfólks, prests, kjörinna fulltrúa og sjálfboðaliða um stöðu, ábyrgð og áhrif þeirra og um mikilvægi samskipta inn á við og út á við sem hluta af starfi þeirra og veita þeim viðeigandi þjálfun.

Styrkjum og virkjum samfélagið (með nærveru, kærleika, umhyggju, gleði og næringu). Með eflingu og styrkingu innra starfs Víðistaðasóknar, með upplýstri stefnu, skilgreindu skipulagi og samskiptum byggðum á virðingu, umhyggju og kærleika er það trú starfshópsins að Víðistaðakirkja verði enn öflugri sem samfélag.

Framtíðarsýn Víðistaðakirkju

Víðistaðakirkja heyrir til hinni íslensku þjóðkirkju, sem er evangelísk lútersk kirkja - og er söfnuður fólks sem búsett er í Víðistaðasókn í Hafnarfirði. Kirkjan er ekki eingöngu fallett guðhúsið í hrauninu við Víðistaðatún, heldur fyrst og fremst hreyfing fólks sem á samleið í trúnni á Guð sem Jesús Kristur birtir og boðar. Víðistaðakirkja vill byggja upp sýnilegt, litríkt og vaxandi samfélag sem vekur og nærir kristna trúariðkun og andlegt líf, leggur áherslu á að mæta sérhverri manneskju þar sem hún er stödd á lífsleiðinni, veitir liðsinni og skjól - hvort sem hún tilheyrir þjóðkirkjunni eða ekki. Þá er það markmið Víðistaðakirkju að virkja fólk í starfi sínu og efla það til þjónustu við Guð og náungann.

Einkunnarorð

Víðistaðakirkja tekur undir einkunnar orð þjóðkirkjunnar: Biðjandi, boðandi, þjónandi“ sem merkir að hún vill leggja áherslu á þá meginþætti kirkjulegs starfs að tilbiðja Guð, boða trú á hann og þjóna náunganum í kærleika.

Grundvöllur

Víðistaðakirkja byggir á grundvelli kenninga evangelísk lúterskrar kirkju, hún er kristin kirkja, söfnuður fólks sem kallað er til samfélags við Guð og við hvert annað í trú, von og kærleika. Andi Guðs knýr kirkjuna til að boða og vitna um Jesú Krist í orði og verki. Kirkjan byggir á Biblíunni og vitnisburði hinna fyrstu kristnu um hinn krossfesta og upprisna Jesú Krist og þeim lífsviðhorfum sem felast í þeim boðskap. Kristin kirkja og fólkid í landinu hafa átt samleið frá upphafi byggðar og er Víðistaðakirkja hluti þess veruleika og sögu; þannig er kristinn siður samofin sögu þjóðarinnar og er mótandi afl í samfélaginu. Víðistaðakirkja vill miðla komandi kynslóðum hinum kristna arfi og vera vakandi fyrir nýjum tækifærum og leiðum í starfi sínu sem helgast af bæn, boðun og þjónustu.

Hlutverk

Hlutverk Víðistaðakirkju er að boða og iðka kristna trú á þann veg að sérhver einstaklingur er tekur á móti boðskapnum um Jesú Krist:

- Játi trú á Guð, höfund alls lífs, og leiti leiðsagnar hans í lífinu
 - finni þörf sína fyrir nærveru og gæsku Guðs
 - beri virðingu fyrir sköpun Guðs
 - virði helgi og gildi hvernar manneskju

- haldi í heiðri boðorð Guðs
- Trúi á Jesú Krist sem frelsara og fyrirmynd og sýni þá trú í orði og verki
 - setji traust sitt á Jesú Krist og orð hans
 - beri umhyggju fyrir öðrum sem svar við elsku Guðs
 - iðrist og fyrirgefi eins og Guð fyrirgefur
 - sýni umburðarlyndi og stuðli að réttlæti og friði í samskiptum við annað fólk
- Styrkist í trú, von og kærleika með hjálp heilags anda
 - eigi samfélag við Guð í bæn, orði Guðs, skírn og altarisgöngu
 - kynnist krafti og gleði trúarinnar í samfélagi safnaðarins
 - sýni örlæti og hjálpsemi sem svar við góðum gjöfum Guðs
 - eflist í von um eilíft líf með Guði

Víðistaðakirkja rækir hlutverk sitt með því að:

- boða, biðja og þjóna í helgihaldi,
- fræða um kristna trú og siðferðisgildi,
- sinna kærleiksþjónustu, hjálparstarfi og kristniboði innanlands og utan,
- veita með starfi sínu fjölskyldum og einstaklingum athvarf á stundum gleði og sorgar,
- liðsinna hverjum þeim sem þarfnast stuðnings,
- standa vörð um kristna trúar- og menningararfleifð,

Meginstefna

Elskið hvert annað eins og ég hef elskað yður. (Jóh. 15.12). Allt starf Víðistaðakirkju efli söfnuðinn sem kristna hreyfingu og opið samfélag fólks, sem gleður, virkjar, vekur og nærir.

Víðistaðakirkja er samfélag í trú og tilbeiðslu sem mótast af kærleiksboði Krists. Hún er mannlegt samfélag um andlegan boðskap.

- Við leggjum áherslu á það að kristin trú þarf að fá að vaxa og þroskast í samfélagi við aðra í helgihaldi kirkjunnar og safnaðarstarfi.
- Við viljum efla hið kristna samfélag með því að leggja rækt við persónuleg tengsl, sýna hlýju og gleði.
- Við viljum vera opið samfélag sem sýnir skilning, virðingu og umhyggju í verki og vera vakandi fyrir þeim er þarfnast aðstoðar.
- Við viljum að boðun kirkjunnar sé skýr og skiljanleg í helgihaldi, fræðslu, þjónustu og öðru starfi.
- Við viljum móta lifandi og jákvætt samfélag í kirkjunni og efla og bæta samskipti innan safnaðarins.

Víðistaðakirkja lítur á fjölskylduna sem mikilvægan vettvang trúaruppeldis, vaxtar og þroska.

- Við viljum styrkja fjölskylduna sem hornstein samfélagsins og kirkjulegs starfs.
- Við viljum efla tengsl milli heimilis og kirkju.
- Við viljum sérstaklega styðja ungar fjölskyldur.

Víðistaðakirkja rúmar breiðan hóp fólks á öllum aldri. Starf hennar birtist í opinni almennri þjónustu, í hópstarfi og í þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur.

- Við viljum stækka þann hóp sem leggur sitt af mörkum til að gera kirkjuna að fjölbreyttu, litríku samfélagi.
- Við viljum styrkja starf hópa þar sem ólíkir einstaklingar fá notið sín í gefandi og tryggu samfélagi.
- Við leggjum áherslu á að Víðistaðakirkja veitir öllum aðgang að helgihaldi, þjónustu og fræðslu hennar og krefur fólk ekki um trúarafstöðu.
- Við viljum styrkja það starf kirkjunnar sem hjálpar fólki að takast á við daglegt líf í gleði og sorg.
- Við viljum vera virk í að miðla upplýsingum um starfið inn á við og út á við.

Víðistaðakirkja leitar leiða til samstarfs þar sem færi gefast.

- Við viljum efla samstarf presta og safnaða í Hafnarfirði að sameiginlegum verkefnum.
- Við viljum eiga gott samstarf við aðra Þjóðkirkjusöfnuði, Fríkirkjuna og önnur trúfélög í Hafnarfirði.

Víðistaðakirkja beinir kröftum sínum fyrst og fremst að starfi og þjónustu.

- Við viljum að fjármunum sé fyrst og fremst varið í innra starf safnaðarins í samræmi við hlutverk kirkjunnar.
- Við viljum skýra og auka ábyrgð stjórnenda og efla lýðræðislega og faglega stjórnunarhætti.
- Við viljum að hagkvæmni og aðhalds sé gætt í framkvæmdum.
- Við viljum skilgreina stöðu og hlutverk allra starfseininga kirkjunnar.

Víðistaðakirkja leggur höfuðáherslu á að hún er samfélag sem nærast á orði Guðs, vex og dafnar í kærleika Krists og mætti heilags anda er knýr hana til góðra verka. Þessi megináhersla hefur áhrif á alla aðra þætti í stefnu hennar.

Starfsemi Víðistaðakirkju

Starfsemi Víðistaðakirkju skiptist í meginverkefni og stoðþjónustu.

Meginverkefni eru

- boðun
- helgihald og kirkjutónlist
- kærleiksþjónusta og hjálparstarf
- fræðsla
- menning

Stoðþjónustan varðar

- fjármál
- húsnæði og aðstöðu
- starfsmannamál
- upplýsingamál

Meginverkefni

Boðun

Létu þeir eigi af að kenna dag hvern í helgidóminum og í heimahúsum og boða fagnaðarerindið um, að Jesús sé Kristur. (Post 5:42). Með boðun er átt við alla boðun kirkjunnar í orði og verki, innan kirkjuhúss og utan, boðskapinn sjálfan og miðlun hans.

Markmið

Boðun kirkjunnar hefur það að markmiði að söfnuðurinn tileinki sér fagnaðarerindið um Jesú Krist og að trúin á hann móti líf fólks og samskipti. Boðun er bæði fólgin í orðum og í verkum, í góðvild og umhyggju í daglegu lífi. Boðunin verður að vera skiljanleg og flytja erindi Krists inn í aðstæður einstaklings og samfélags á hverjum tíma. Við viljum að kirkjan nýti sér nýjar leiðir jafnt í prédikun sem og í öðru boðunarstarfi.

Verkefni

- Við viljum bæta prédikun kirkjunnar. Stefnt verði að
 - Prédikun sem ávallt taki mið af áheyrendum,
 - Málvari í prédikun sem eigi jafnt við um karla og konur,
 - Aukinni fjölbreytni í prédikunarformum,
- Við teljum að kirkjulegar athafnir, skírn, ferming, hjónavígsla og útfarir séu mikilvægur þáttur í boðun, bæði hvað varðar undirbúning og eftirfylgd. Því skal leggja áherslu á að
 - Auka vægi viðtals við foreldra skírnbarna,
 - Vinna markvisst með fjölskyldum fermingarbarna,
 - Nýta vel hjónavígslusamtal,
 - Styrkja sálgæslu við andlát og útför og eftirfylgd með syrgjendum.
- Við viljum leggja áherslu á kristið manngildi, réttlæti, heiðarleika og ábyrgð sérhvers manns. Við viljum
 - Eiga frumkvæði að því að nýta tækifæri varðandi fjölmenningsamfélagið,
 - Svара andlegri þörf fólks á öld efnishyggju,
 - Halda fram kristnum gildum og siðgæði.

Helgihald og kirkjutónlist

Gangið inn um hlið hans með lofsöng, í forgarða hans með sálmum, lofið hann, vegsamið nafn hans. (Sálm. 100:4). Með helgihaldi er átt við allar athafnir safnaðarins þar sem helgihald fer fram, þar með talið almennar guðspjónustur, bænastundir, sunnudagaskóla, skírnir, hjónavígslur og jarðarfari. Með kirkjutónlist er einkum átt við tónlist helgihaldsins, bæði tón presta og forsöngvara, sálma og undirleik.

Markmið

Markmið helgihaldsins er að næra samfélag Guðs og manns og samfélag þeirra er tilbiðja Guð. Við viljum bjóða upp á reglulegt helgihald í sókninni og hvetja söfnuðinn til að taka virkan þátt í því. Við viljum að guðspjónusta helgidagsins sé eflað sem reglubundin iðkun, að hún veiti aðgengilegt og hlýtt skjól og athvarf, og veki og næri trú og kærleika. Við viljum að helgihaldið sé fjölbreytt og höfði til allra. Við viljum auka fjölbreytni í kirkjutónlist og listiðkun í helgihaldi.

Verkefni

- Við viljum að söfnuðurinn axli aukna ábyrgð í helgihaldinu og að sem flestir séu virkir hverju sinni.
 - Efla ber almennan safnaðarsöng.
 - Tengja þarf smærri hópa innan safnaðarins betur við helgihaldið og hina almennu guðsþjónustu. Hér er t.d. átt við: Messuhópa, mögulega bænahópa, biblíuleshópa, sóknarnefndarfólk, Systrafélagskonur og fólk í sérstökum aðstæðum.
 - Virkja hópa til þátttöku í helgihaldi með því að fela þeim ábyrgð og verkefni.
 - Þjóða námskeið um helgihald fyrir leiðtoga og stjórnendur hópastarfs og kóra.
- Við viljum að hlýlegt viðmót, lotning og virðing móti allt helgihald kirkjunnar.
 - Efla þarf samfélag helgihaldsins bæði með því að taka vel á móti þeim sem koma og bjóða upp á samveru eftir helgistundina.
 - Friður, helgi og gleði einkenni guðsþjónustuna.
 - Fólk finni skjól og griðastað í helgihaldi.
- Við viljum fjölbreytni í kirkjutónlist og listiðkun í helgihaldi.
 - Styðja kórastarf kirkjunnar, bæði kirkjukór og barnakór.
 - Huga skal að fjölbreyttri tónlist og hljóðfæravali við helgihald.
- Við viljum nýta þá möguleika sem messuformið býður upp á og læra af því sem vel hefur tekist, auka fjölbreytni í helgihaldi og kanna nýjar leiðir.
 - Lögð sé áhersla á að sem flestir njóti helgihaldsins.
 - Tekið sé tillit til allra aldurshópa.
 - Tekið sé tillit til ólíkra þarfa þeirra sem sækja messuna.
- Við viljum virkja sóknarbörn við bænagjörd í helgihaldi.
 - Bænir í guðsþjónustum taki mið af bænarefnum þeirra sem viðstödd eru, sem og almennum þakkar- og áhyggjuefnum hverju sinni.
 - Bænastundir og fyrirbænir séu virkur þáttur í starfi safnaða.
- Við viljum að Víðistaðakirkja horfi til samvinnu við aðrar sóknir, stofnanir og skóla varðandi helgihald og tónlist þegar það á við. Þar má hafa í huga:
 - Gagnkvæmar heimsóknir safnaða,
 - Sameiginleg verkefni,
 - Sameiginlegar hátíðir,
 - Samvinnu starfsfólks safnaða.

Kærleiksþjónusta og hjálparstarf

Því hungraður var ég, og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég, og þér hýstuð mig, (Matt. 25:35). Með kærleiksþjónustu er átt við það hlutverk kirkjunnar að bera umhyggju fyrir náunganum og koma honum til hjálpar.

Markmið

Þjónusta kirkjunnar birtir kristna trú og kærleika í verki. Hún þjónar í anda Jesú Krists þeim sem þarfnast hjálpar. Kirkjan hlustar eftir þörfinni og leitar þeirra sem helst þarfnast umhyggju og stuðnings. Víðistaðakirkja starfar með öðrum sem sinna hjálparstarfi og líknarþjónustu, s.s. Hjálparstarfi kirkjunnar, Rauða krossinum og sjúkrastofnunum og tekur þátt í þverfaglegu samstarfi á sviði sálgæslu, áfallahjálpar og aðhlynningar sjúkra.

Verkefni

- Við viljum styðja með virkum hætti hópa eða einstaklinga í sókninni sem skortir stuðning og samfélag en njóta ekki sérþjónustu kirkjunnar. Þessir hópar eru meðal annars:
 - Einstæðingar,
 - Einstæðir foreldrar,
 - Langveikir og aðstandendur þeirra,
 - Fólk sem þarfnast áfallahjálpar,
 - Þolendur eineltis,
 - Fólk sem glímir við misnotkun vímuefna og afleiðingar hennar.
- Við viljum efla kærleiksþjónustu í samstarfi við aðra er beinist að öldruðum, einmana og sjúkum, meðal annars með því að:
 - Virkja söfnuðinn í heimsóknarþjónustu og þjálfa sjálfboðaliða,
 - Vinna að sálgæslu innan sjúkrastofnana og hjúkrunarheimila.
- Við viljum styðja við og efla sálgæslu og leggja áherslu á:
 - Stuðning við syrgjendur,
 - Ungar fjölskyldur og barnafólk,
 - Hjón og fólk í sambúð.
- Við viljum efla vitund safnaðarins um hjálparstarf og kristniboð með því að:
 - Leggja áherslu á að gefa af tíma sínum og fjármunum í þágu starfsins,
 - Vídistaðasókn taki að sér einstök verkefni hérlendis eða erlendis,
 - Sóknin sinni fjárhagsaðstoð við fátæka í samstarfi við aðra sem að því koma.

Fræðsla

Þau ræktu trúlega uppfræðslu postulanna og samfélagið, brotning brauðsins og bænirnar. (Post 2:42). Með fræðslu er hér átt við það fræðslustarf sem unnið er í söfnuðinum sem og skipulagningu fræðslumála og möguleg útgáfustarfsemi í tengslum við þau.

Markmið

Fræðsla kirkjunnar hefur það að markmiði að styrkja hvert og eitt okkar til þess að öðlast dýpri skilning á kristinni trú og þroskast sem manneskjur. Við viljum að fræðslan nái til fólks á öllum æviskeiðum. Við viljum horfa sérstaklega til barna og unglinga og einnig þeirra sem ala upp komandi kynslóðir og styðja þau í því verki að koma börnum til manns í trú, von og kærleika.

Verkefni

- Við viljum sinna fræðslustarfi sem leggur áherslu á samfylgd frá vöggu til grafar.
 - Í sókninni sé boðið upp á barnastarf, unglíngastarf og fullorðinsfræðslu.
- Við viljum gott samstarf við aðra aðila samfélagsins, meðal annars við
 - Leikskóla og grunnskóla sóknarinnar
 - Leita eftir samstarfi við kennara,
 - Styðja kennara í kristinfræði,
 - Þau sem sinna forvarnarstarfi í vímuefnum,
 - Aðra þá aðila sem sinna fræðslu.
- Við viljum styrkja það hópastarf sem eflir trúarlegan og andlegan þroska einstaklingsins, samskipti og líðan. Má þar nefna:
 - Hópa sem stuðla að sjálfsstyrkingu,

- Messuhópa,
- Kóra
- Systrafélag,
- Við viljum styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu hvarvetna þar sem kirkja og foreldrar mætast. Við leggjum áherslu á eftirtalda þætti:
 - Skírnarfræðslu,
 - Foreldramorgna,
 - Námskeið um uppeldi í trú,
 - Stuðning við bænalíf á heimilum.

Menning

Með menningu er átt við það starf Víðistaðakirkju er snýr að menningar- og listviðburðum en einnig það hlutverk hennar að sinna varðveislu og viðhaldi menningarverðmæta eins og freskumyndum kirkjunnar.

Markmið

Kirkjan er hluti af menningu þjóðarinnar. Hún hefur átt þátt í varðveislu íslenskrar tungu með þýðingu á Biblíunni og reglulegum flutningi trúarlegra texta. Hún sinnir öflugum tónlistarstarfi og nýsköpun á því sviði, í ríkri sönghefð og innlendum og erlendum sálmaarfi. Hún er jafnframt opin fyrir margvíslegt og fjölbreytilegt tónleikahald og stendur fyrir reglulegum listsýningum. Með varðveislu og nýsköpun í kirkjulist sem og öðrum listum leggur hún skerf til menningarsögunnar. Þannig vill Víðistaðakirkja nýta menningu og listir til að koma á framfæri boðskap sínum og virkja og hvetja listamenn til samstarfs.

Verkefni

- Við viljum styðja og efla menningarstarf í kirkjunni, aðallega á kristnum grunni, meðal annars með því að
 - Styðja við tónlistarstarf og tónleikahald í kirkjunni,
 - Stuðla að og standa fyrir listviðburðum,
 - Hvetja til listflutnings í helgihaldi, svo sem leiklistar,
 - Vekja athygli á listviðburðum sem tengjast kristinni trú.
- Við viljum stuðla að varðveislu íslensks menningar- og trúararfs. Hér er fyrst og fremst átt við:
 - Einstakar freskumyndir Víðistaðakirkju.

Fjármál, húsnæði og aðstaða

Markmið

Víðistaðakirkja hafi sjálfræði um fjármál sín og beri ábyrgð á þeim. Við ráðstöfun fjár sé gætt hagkvæmni og réttlætis í samræmi við hlutverk og forgangsroðun kirkjunnar. Unnið sé eftir samþykktum fjárhags- og framkvæmdaáætlun og upplýsingar um fjárhagsstöðu séu aðgengilegar.

Verkefni

- Tekjur. Lögbundnar og samningsbundnar
 - Sóknargjöld frá hinu opinbera sem sér um innheimtu. Unnið í því að fjölga meðlimum þjóðkirkjunnar í sókninni og þar með gjaldendum sóknargjalda (félagsgjalda).
- Sértekjur

- Vakin athygli á kirkjunni sem tónleikahúsi og upptökustað til að auka leigutekjur.
- Safnaðarsalur kynntur betur til margs konar veisluhalda, erfisdrykkja, funda og fyrirlestra til að auka leigutekjur.
- Sótt um frekari framlög úr héraðssjóði Kjalarnesprófastsdæmis.
- leitað í auknum mæli eftir styrkjum vegna framkvæmda, t.d. úr jöfnunarsjóði sókna og bæjarsjóði Hafnarfjarðar.
- Staðið oftast að samskotum í messum við kirkjudyrr - fyrir ákveðnum málefnum.
- Gjöld, ráðstöfun
 - Hugað verði að ákvörðun og ábyrgð á ráðstöfun fjár til einstakra verkefna.
 - Sóknin endurmeti reglulega forgangsröðun og dreifingu fjármuna í samræmi við stefnu kirkjunnar.
 - Könnuð verði skipting fjár milli framkvæmda við fasteign og safnaðarstarfsins.
 - Hugað að aðhaldi í öllum útgjöldum.
- Húsnæði og aðstaða
 - Húsnæði, aðstaða og búnaður Víðistaðakirkju sé með þeim hætti að henni sé gert kleift að sinna hlutverki sínu. Nýting húsnæðis verði ávallt sem best.
 - Aðgengi fatlaðra verði ávallt til skoðunar.
 - Athugað verði hvernig samstarfi og samnýtingu milli hafnirsakra safnaða í húsnæðismálum skuli háttáð m.a. með tilliti til greiðslna fyrir notkun.

Starfsmannamál

Markmið

Víðistaðakirkja vill hafa á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki. Hún vill skapa því góð starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Kirkjan vill vera góður vinnustaður, þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.

Verkefni

- Kirkjan einbeiti sér að því að viðhalda góðu samstarfi milli prests og annars starfsfólks og efla enn frekar.
- Stefnt sé að auknu sjálfbóðaliðastarfi í söfnuðinum og hlúð að þeim sem sinna því með því að
 - Þjóða námskeið og þjálfun,
 - Vera opin fyrir hugmyndum sjálfbóðaliða um nýjungar í starfi,
 - Veita sjálfbóðaliðum viðurkenningu og umbun.
- Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur og skyldur við fjölskylduna.
 - Gefinn skal kostur á breyttu starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma vegna fjölskylduábyrgðar, ef kostur er.
- Útbúa skal starfslýsingu fyrir öll launuð störf innan kirkjunnar.
- Víðistaðakirkja kappkostar að ágreiningsmál séu leyst skjótt og vel.

Upplýsingamál

Markmið

Víðistaðakirkja hefur það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um kristna trú, trúarlíf og iðkun, um kirkjuna og starfsemi hennar. Kirkjan hafi frumkvæði í að koma á framfæri upplýsingum og efni og nýti sér ólíka miðla til að kynna hið fjölbreytilega starf sitt, þjónustu og hlutverk. Við leggjum áherslu á skýr skilaboð og málfar.

Verkefni

- Marka skal stefnu bæði í innri og ytri upplýsingamiðlun og samskiptum.
 - Efla skal upplýsingamiðlun kirkjunnar.
 - Efla ber almannatengsl.
 - Efla þarf möguleika starfsfólks til að koma á framfæri upplýsingum og auðvelda samskipti innan kirkjunnar og út á við.
- Þjálfra skal starfsfólk í upplýsingamiðlun, bæði í notkun miðla og samskiptum inn á við í starfi kirkjunnar og út á við í samskiptum við fjölmíðla.
 - Efla kynningu á starfi kirkjunnar með markvissri nýtingu á vef kirkjunnar, dreifibréfum og staðbundnum miðlum.
 - Virkja sóknarbörn í kynningarstarfi innan sóknarinnar.
- Stefnt sé að því að allt efni sem Víðistaðakirkja gefur út sé líka aðgengilegt á vefnum. Kirkjan sé virk í að nýta nýja upplýsinga- og samskiptatækni til miðlunar og samræðu. Þar er meðal annars átt við:
 - Samfélagsvefi,
 - Útsendingar á helgihaldi yfir netið,
 - Trúarlegt efni á heimasíðu kirkjunnar.

Skipulag Víðistaðakirkju

Með skipulagi er átt við þann hluta starfsramma Víðistaðakirkju, sem starfseiningar innan Þjóðkirkjunnar, sem birtist meðal annars í lögum, reglugerðum ráðuneyta, starfsreglum Kirkjubings, samþykktum og stefnum innan kirkjunnar er varðar skipulagið. Undir það fellur stjórnskipulag, svo og skipurit er sýni boðleiðir og ábyrgð.

Markmið

Skipulag kirkjunnar tryggji framkvæmd stefnunnar og virkni í safnaðarstarfi. Það stuðli að einingu og stöðugleika, en sé jafnframt réttlátt, trúverðugt og sveigjanlegt. Stjórnskipulag kirkjunnar sýni með skýrum hætti ábyrgð og boðleiðir. Það þjóni ætíð hlutverki og markmiðum og sé bæði skilvirkt og árangursríkt.

Verkefni

- Þróa skal skipulag kirkjunnar þannig að hlutverk og staða alls starfsfólks séu vel skilgreind og umsýsla og stjórnun þeirra skilvirk. Til þess þarf að:
 - Skilgreina tilgang og meginverkefni,
 - Skilgreina markhópa og þörf fyrir þjónustuna,
 - Gera starfslýsingar,

- Setja starfsreglur ef nauðsyn krefur.
- Efla skal söfnun og úrvinnslu upplýsinga um stöðu og starfsemi kirkjunnar
 - Með reglulegu mati á starfsemi og þátttöku.

Starfslýsingar

- Víglubríf presta
- Kirkjuvörður
- Organisti
- Æskulýðsfulltrúi

Víglubríf presta

Biskup Íslands gerir kunnugt: Með því að kirkjan hefur kallað candidatus theologiae til þjónustu sem þá hef ég í dag vígt hann/hana með yfirlagningu handa og samkvæmt fyrirskipuðum reglum til hins heilaga prests- og prédikunarembættis í kirkju Jesú Krists á meðal vor. Með því að hann/hún þannig er réttur prestur á nefndum vettvangi, ber honum/henni samkvæmt því heiti, sem hann/hún hefur fyrir mér að því unnið, að rækja embætti sitt af trúmennsku og kostgæfni og að framganga svo sem Drottins þjóni sæmir með grandvarleik í líferni sínu og dagfari. Ber honum/henni að breyta í sérhverri grein eftir gildandi lögum um kirkjusíði, boða Guðs orð rétt og hreint samkvæmt heilagri ritningu og í anda vorrar evangelísk-lútersku kirkju, hafa um hönd heilög sakramenti Drottins vors með lotningu, eins og fyrir Guðs augliti, og samkvæmt fyrirskipaðri reglu, framfylgja kirkjuaganum eins og lög standa til, með röggsemi og alvörugæfni, en undir eins með hógværd og sannsýni, stunda af alhug uppfræðing æskulýðsins, vitja kostgæfilega sjúkra, ala önn fyrir fátækum og munaðarlausum og í öllum greinum kosta kapps um að fullnægja embættisskyldum sínum, vera sóknarbörnum sínum til góðrar fyrirmyndar í öllu og til aðstoðar í sálhjálparefnum þeirra, einslega og opinberlega, hvenær sem þeim á liggur, og þau hans/hennar leita. Hins vegar býð ég söfnuðinum/söfnuðunum að taka þessum vígða þjóni eins og réttum presti sínum og sálusorgara, virða hann/hana og hlýða honum/henni í öllu því, sem hann/hún býður í Drottins nafni og eftir embættisskyldu sinni, hjálpa honum/henni eftir megni og aðstoða í því, sem hann/hún kann við að þurfa. Að svo mæltu óska ég bæði söfnuðinum/söfnuðunum og hinum nývígða presti, náðar, miskunnar og friðar af Guði, föður vorum, og Jesú Kristi, Drottni vorum. Þetta bréf mitt, sem presturinn lesi eða láti lesa fyrir söfnuðinum/söfnuðunum, staðfesti ég með undirrituðu nafni og hjásettu embættisinsigli.

Starfslýsing kirkjuvarðar

Starfsheiti: Kirkjuvörður/meðhjálpari Víðistaðakirkju

Almennt

Kirkjuvörður/meðhjálpari hefur umsjón með kirkjunni, sér um að hún sé jafnan tilbúin til athafna; að kirkjan sé utan sem innan þannig, að kirkjufólk finni að snyrtimennska og virðing fyrir helgum stað sé í öndvegi.

Kirkjuverði/meðhjálpara ber að leita til sóknarprests varðandi dagleg úrlausnarefni eftir því sem við á.

Umsjón með búnaði og viðhald

Kirkjuvörður/meðhjálpari hefur umsjón með öllum búnaði kirkjunnar. Hann stillir hitakerfi við hæfi; hann setur hljóðkerfi í samband og rýfur eftir þörfum og hann hefur öryggiskerfi í sambandi yfir nætur og á öðrum tímum þegar kirkjan er ekki í notkun. Hann sér um að þessi kerfi ásamt rafkerfi séu jafnan í góðu lagi og kallar til fagmenn til viðhalds þegar þörf krefur.

Hann sér um ljósritunarvél, hefur nægar birgðir af pappír og öðru efni til skrifstofuhalds.

Hann sér um viðhald á kirkjuhúsi og öllum búnaði og kallar til verktaka til þeirra verka, sem hann fær ekki sjálfur gert, í samráði við sóknarprest og formann sóknarnefndar.

Þjónusta við helgihald

Kirkjuvörður/meðhjálpari tekur til skrudá prestsins, kveikir ljós og sér um blómaskreytingar og annað, sem hæfir hverri athöfn í samráði við prestinn.

Hann tekur á móti kirkjugestum er þeir koma til kirkju og er þeim innan handar eins og á þarf að halda. Hann er ávallt til staðar í guðsþjónustum og aðstoðar prestinn við ákveðna þætti helgihaldsins.

Þrif

Kirkjuvörður/meðhjálpari sér um þrif á kirkjunni eftir hverja athöfn eftir ástæðum. Hann sér einnig um þrif á salernum, kennslustofu, skrifstofu, loftsölum og öðru rými svo sem nauðsyn ber til. Hann annast þrif utanhúss eftir þörfum. Hann mokar snjó frá dyrum og útvegar snjómokstur eftir þörfum.

Kirkjuvörður/meðhjálpari þarf að leggja sérstaka alúð í þrif og umhirðu kirkjugripa. Þrífa þarf kaleik, patínu, oblátuskín og bikara eftir hverja notkun og gæta að því að kertastjakar á altari og fyrir skírmarkerti séu ávallt hreinir.

Hann sér einnig um innkaup á hreinlætisvörum, skrifstofuvörum og kertum í samráði við sóknarprest og húsmóður safnaðarheimilis.

Sérathafnir, tónleikar og upptökur

Kirkjuvörður/meðhjálpari fær greitt er fyrir giftingar, jarðafarir, tónleika og upptökur sérstaklega, en ekki er greitt fyrir skírathafnir.

Kirkjuvörður/meðhjálpari innheimtir greiðslur fyrir sérathafnir, bæði fyrir sjálfan sig og sóknarprest, heldur bókhald yfir þær og gerir skil til þeirra, sem hlut eiga að máli samkvæmt nánara samkomulagi.

Hann tekur á móti beiðnum um sérathafnir, tónleika, upptökur og aðra atburði og staðfestir tíma að höfðu samráði við sóknarprest.

Eignaskrá

Kirkjuvörður/meðhjálpari skal í samráði við sóknarnefnd halda skrá yfir eignir kirkjunnar. Hann skal og halda skrá yfir handhafa lykla að kirkjunni og ganga eftir að lyklum sé skilað, þegar handhafi þarf þeirra ekki lengur.

Hann heldur utan um bókasafn kirkjunnar og skráir allar nýjar bækur sem kirkjan eignast.

Kirkjuvörður/meðhjálpari heldur utan um fundargerðir sóknarnefndar, setur þær inná heimasíðu kirkjunnar og annast einnig í samráði við sóknarprest frekari uppfærslu á heimasíðunni.

Samskipti

Kirkjuvörður/meðhjálpari tekur á móti fólki sem til kirkjunnar leitar og leysir úr málum í samræmi við erindi. Hann vísar fólki til sóknarprests, tekur niður bókanir og sýnir fólki kirkju og fræðir um freskurnar.

Viðvera

Kirkjuvörður/meðhjálpari skal vera til staðar ákveðinn tíma virka daga eftir samkomulagi, nema föstudaga en þá á hann frí. Hann skal vera við allar guðsþjónustur og helgiathafnir, tónleika og upptökur samkvæmt nánara samkomulagi og þegar annað það er um að vera í kirkjunni, sem krefst nærveru hans svo sem á viðtalstíma prests og þegar tímar eru í fermingarundirbúningi eða annað.

Endurskoðun

Starfslýsingu þessa má endurskoða ári eftir undirskrift og síðan árlega komi fram óskir um það frá kirkjuverði, sóknarnefnd eða sóknarpresti.

Starfslýsing æskulýðsfulltrúa

Æskulýðsfulltrúi skipuleggur og hefur umsjón með barnastarfi kirkjunnar í samráði við sóknarprest. Um er að ræða sunnudagaskóla, aldursskipt barnastarf 6-9 ára og 10-12 ára og auk þess fjölskylduhátíð einu sinni í mánuði. Þá tekur æskulýðsfulltrúi þátt í sumarnámskeiði fermingarstarfsins. Æskulýðsfulltrúi sér um að panta inn barnaefni til notkunar í starfinu, sækir vikulega samráðsfundi með sóknarpresti og starfsmannafundi einu sinni í viku. Um 50% starf er að ræða.

Leiðbeiningar fyrir umsækjendur í barna- og unglíngastarf kirkjunnar

- Barna- og unglíngastarf kirkjunnar miðar að því að fræða börn- og unglínga um kristna trú, kristið gildismat og iðkun trúarinnar. Einnig er haft að leiðarljósi að skapa þátttakendum heilbrigðan félagsskap og að vera vettvangur fyrir tilvistarspurningar. Þannig miðar starf kirkjunnar að því að styrkja og styðja þátttakendur og stuðla að jákvæðri lífssýn, sterkari sjálfsmynd og trú á Guð. Starf kirkjunnar með börnum og unglíngum er því ávallt uppbyggjandi og skemmtilegt starf. Allir eru velkomnir í kirkjuna og leitast er við öllum líði vel.
- Starfsmaður í barna- og unglíngastarfi kirkjunnar gegnir mikilvægu hlutverki. Hann þarf að vera sönn fyrirmynd og bera kærleiksboðskap Jesú Krists vitni í orði og verki. Geti myndað góð og jákvæð tengsl við þátttakendur sem hann starfar með. Einnig þarf hann að geta átt samtál við þátttakendur, stutt og styrkt í verkefnum sem þau mæta á lífsleiðinni.
- Samskipti við aðra starfsmenn safnaðarins eru mikilvæg í starfi með börnum og unglíngum. Barna- og unglíngastarf er hluti af starfi safnaðarins. Mikilvægt er að leita eftir uppörvun í fræðslu og samfélagi við annað starfsfólk í barna- og unglíngastarfi. Starfsmenn eiga að geta leitað sér ráðgjafar og handleiðslu prests eða annarra starfsmanna.
- Víðistaðakirkja ætlast til þess að starfsfólk hennar sýni kirkjunni fulla virðingu og gæti þess að orð og athæfi samrýmist starfinu sem það gegnir.

Reglur, verklagsreglur og stefnur

- Starfsreglur um sóknarnefndir
- Starfsreglur um presta
- Starfsreglur um organista
- Siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar
- Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar
- Siðareglur fyrir fólk sem starfar með börnum og unglíngum í kristilegu starfi
- Heilræði fyrir fólk sem starfar með börnum og unglíngum
- Starfsmannastefna Þjóðkirkjunnar
- Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar og umhverfisstarf í söfnuðum
- Jafnréttisstefna Þjóðkirkjunnar
- Reglur vegna útleigu á kirkju
- Gátlisti fyrir kirkjuvörð og messuþjóna
- Hjónavígsla – gátlisti
- Skírn – gátlisti
- Útför – gátlisti
- Eyðublað – vinnuskýrsla í barna og æskulýðsstarfi

Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011

I. Almennt.

1. gr.

Frumskylda kirkjusóknar er helgihald, kærleiksþjónusta og fræðsla sem nærir og eflir trú sem starfar í kærleika. Til þess er haldið uppi:

reglubundnum guðsþjónustum og séð til þess að sóknarbörn eigi aðgang að sálgæslu í samtali, prédíkun, sakramenti og fyrirbæn

reglubundnu fræðslustarfi um kristna trú og sið, og stuðningi við trúaruppeldi heimilanna með barnastarfi, fermingarfræðslu og æskulýðsstarfi

kærleiksþjónustu á vettvangi sóknarinnar og með aðild að hjálparstarfi og kristniboði kirkjunnar.

Þar sem ekki er unnt að halda uppi reglubundinni þjónustu, svo sem vegna fámennis, geta sóknir í sama prestakalli, eða á sama samstarfssvæði, sameinast um ofangreinda meginþætti safnaðarstarfs.

2. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem starfar undir forystu sóknarnefndarformanns í nánu samstarfi við sóknarprest.

3. gr.

Sóknarnefnd skal skipuð leikmönnum sem kjörnir eru til fjögurra ára í senn. Leikmaður telst sá sem ekki hefur tekið vígslu til prests eða djákna.

Sóknarnefndarmenn skulu vera þrír í sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm. Þegar sóknarmenn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarmenn eru 4.000 eða fleiri, miðað skal við 1. desember næstliðinn.

Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til. Nú forfallast aðalmaður varanlega og skal þá kosinn nýr aðalmaður út kjörtímabil sóknarnefndar.

Á tveggja ára fresti skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, sem hér segir:

Árið 2013 skulu einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Árið 2015 skulu tveir af þremur, þrír af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Skal síðan kosið um hluta sóknarnefndar á tveggja ára fresti eftirleiðis í samræmi við 6. og 7. mgr. ákvæðis þessa.

Kjósa skal safnaðarfulltrúa og varamann hans úr hópi sóknarnefndar til fjögurra ára, sbr. 56. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

II. Staða sóknarnefnda.

4. gr.

Sóknarnefnd starfar á grundvelli þjóðkirkjulaga, starfsreglna og samþykka kirkjupings.

Sóknarnefnd er kosin á aðalsafnaðarfundi til fjögurra ára, starfar í umboði safnaðarins og ber ábyrgð gagnvart honum.

Sóknarnefnd starfar við hlið sóknarprests og er í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum, og einstökum mönnum og stofnunum.

III. Störf og starfshættir sóknarnefnda.

Störf sóknarnefnda – almenn atriði.

5. gr.

Sóknarnefnd annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulega þjónustu í sókninni ásamt prestum og starfsmönnum hennar.

6. gr.

Helstu störf sóknarnefndar eru sem hér segir:

Hafa ásamt prestum og í samráði við annað starfsfólk safnaðarins, eftir því sem við á, forgöngu um kirkjulegt starf á vegum sóknarinnar.

Fjárstjórn sóknarinnar.

Umsjón og gæsla eigna sóknarinnar.

Sjá til þess að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðspjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni.

Að sjá til þess að skráðir kirkjugripir og minningamörk séu verndaðir skv. ákvæðum Þjóðminjalaga.

Ráða starfsfólk sóknar í samráði við sóknarprest.

[...1)

Önnur verkefni sem aðstæður í sókninni kunna að útheimta

1) *Starfsreglur 305/2016*

Rekstur og fjármál.

7. gr.

Sóknarnefnd skal í samráði við sóknarprest gera fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár og hafa þar m.a. hliðsjón af starfsáætlun sóknarprests, annarra presta og annarra starfsmanna sóknarinnar.

Fjárhagsáætlunin skal lögð fram á aðalsafnaðarfundum til kynningar og afgreiðslu.

Óski kirkjuráðs þess skal sóknarnefnd leggja fram fjárhagsáætlun sína fyrir kirkjuráð a.m.k. viku fyrir aðalsafnaðarfund að jafnaði.

Sóknarnefnd, sóknarpresti og öðrum prestum ber síðan að sinna verkefnum sínum og halda uppi starfsemi á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar.

8. gr.

Við ráðstöfun fjármagns sóknarinnar til skamms eða langs tíma skal ávallt gæta þess að fjárskuldbindingar vegna framkvæmda komi sem minnst niður á almennu kirkjustarfi. Eigi að ráðast í miklar fjárfestingar eins og smíði nýrrar kirkju, safnaðarheimilis eða hljóðfærakaup skal sóknarnefnd greina kirkjuráði skriflega frá áformum sínum um framkvæmdir og fjármögnun.

Sóknarnefnd er hvorki heimilt að greiða laun vegna prestverka né styrkja það sem fellur undir embættiskostnað presta og prófaste, sbr. starfsreglur um rekstrarkostnað prestsembætta og prófastsdæma. Þó er sóknarnefnd heimilt að leggja prestum til skrifstofuaðstöðu ef sóknin hefur bolmagn til þess án þess að það bitni á safnaðarstarfinu.

Ef fjárhag sókna er stefnt í tvísýnu með miklum hallarekstri eða skuldaförum þannig að það hamli eðlilegu safnaðarstarfi, eða ef sókn verður óstarfhæf, er kirkjuráði heimilt að grípa inn í reksturinn, t.d. með skipun fjárhaldsmanns eða eftirlitsnefndar.

9. gr.

Sóknarnefnd er óheimilt að efna til fjárskuldbindinga með persónulegum ábyrgðum einstaklinga.

10. gr.

Sóknarnefnd getur ekki veðsett eignir sóknarinnar nema með samþykki safnaðarfundar.

11. gr.

Sóknarnefnd sér til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og noti samræmt reikningsform við uppsetningu ársreiknings, sem kirkjuráð leggur til.

12. gr.

Sóknarnefnd sér til þess að ársreikningur sóknar sé gerður fyrir hvert almanaksár. Ársreikningurinn skal áritaður af sóknarnefnd, endurskoðaður af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðanda og lagður fram á aðalsafnaðarfundi til kynningar og afgreiðslu og síðan sendur kirkjuráði. Heimilt er kirkjuráði að fela próföstum að kalla eftir ársreikningum sókna.

Kirkjuráð getur ákveðið lokafrest sem sóknir hafa til að skila ársreikningi. Sé ársreikningi ekki skilað innan tilskilins frests getur kirkjuráð óskað eftir að sóknargjald viðkomandi sóknar renni inn á sérgreindan biðreikning hjá Jöfnunarsjóði sókna. Sóknargjald greiðist sókninni þegar löglegum ársreikningi hefur verið skilað.

Guðspjónusta, trúfræðsla og helgihald.

13. gr.

Sóknarnefnd skal starfa undir forystu sóknarprests og með hliðsjón af erindisbréfi hans við mótun og skipulag kirkjulegs starfs safnaðarins og standa fyrir guðspjónustuhaldi safnaðarins, trúfræðslu og kærleikspjónustu.

Verkaskipti sóknarnefndarmanna.

14. gr.

Sóknarnefnd skiptir með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara í röðum aðalmanna þegar eftir að kjör í sóknarnefnd hefur farið fram. Sóknarnefnd ákveður hver skuli vera fyrsti og annar varaformaður er komi úr röðum aðalmanna. Þriðji varaformaður er sá varamaður sem fyrst tekur sæti sem aðalmaður eftir þeirri röð sem varamenn voru kosnir í.

Sóknarnefnd ákveður að öðru leyti um verkaskipti og varamenn aðalmanna eftir því sem þurfa þykir.

Sóknarnefnd er heimilt að kjósa úr sínum hópi framkvæmdanefnd er starfi á milli funda sóknarnefndar. Sóknarnefnd getur ákveðið að kjósa einnig varamenn í framkvæmdanefnd og í hvaða röð þeir taka sæti.

Sóknarnefnd kýs jafnframt safnaðarfulltrúa og varamann hans og ákveður verkefni er hann hafi með höndum. Víki öll sóknarnefnd aðalmanna sæti, skiptir sóknarnefnd, skipuð varamönnum, verkum eins og þurfa þykir. Fyrsti varamaður skal þó gegna stöðu formanns.

Fundir.

15. gr.

Sóknarnefnd boðar til aðalsafnaðarfundar með minnst viku fyrirvara og skal greina frá dagskrá fundarins í fundarboði. Fundinn skal auglýsa með þeim hætti sem venja er til um messuboð.

Þar skal taka fyrir eftirfarandi:

Gerð sé grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.

Afgreiðslu reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.

Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.

Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.

Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.

[Kosning sóknarnefndar.]1)

[Kosning kjörnefndar.]1)

[Kosning í aðrar nefndir og ráð.]1)

[Önnur mál.]1)

1) *Starfsreglur 305/2016*

[Um kosningu kjörnefndar er mælt fyrir í starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.]1)

1) *Starfsreglur 305/2016*

16. gr.

Aðalsafnaðarfundur kýs sóknarnefndarmenn og varamenn.

17. gr.

Sóknarnefnd heldur formlega fundi með reglulegum hætti þar sem málefni sóknarinnar eru til umræðu og ákvörðunar.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim og er fundur ályktunarfær ef meiri hluti nefndarmanna sækja fundinn.

Sóknarprestur og aðrir prestar í prestakallinu skulu að jafnaði sitja sóknarnefndarfundum og sóknarprestur fundi framkvæmdanefndar ef hún starfar. Enn fremur aðrir starfsmenn sóknarinnar ef málefni þeirra eru sérstaklega til umræðu á fundinum. Sóknarnefnd skal fylgja vanhæfisreglum stjórnsýslulaga um meðferð einstakra mála.

18. gr.

Allir fundir sóknarnefndar sem og safnaðarfundir skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal sóknarnefnd gæta þess að varðveita og skrá bréf, bækur og skjöl er snerta kirkjuna og starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

19. gr.

Sóknarnefnd getur skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök málefni. Slíkar nefndir starfa á ábyrgð og í umboði sóknarnefndar sem setur þeim jafnframt verklagsreglur eða erindisbréf.

20. gr.

Ef sóknarnefnd fer með stjórn kirkjugarðs sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, skal halda fjárhag kirkjugarðs algerlega aðgreindum frá fjárhag sóknar.

Ráðningar starfsmanna o.fl.

21. gr.

Sóknarnefnd, í samráði við sóknarprest, ræður starfsmenn sóknarinnar.

22. gr.

Auglýsa skal laus störf hjá sókninni með tveggja vikna umsóknarfresti hið minnsta. Auglýsing skal birtast í prentuðum fjölmiðli og á vef kirkjunnar.

Í auglýsingu skal m.a. tiltekið:

hvernig ráðningarkjör eru

hvenær umsóknarfrestur rennur út

hvert umsóknin skuli send

að veitt sé heimild til að afla sakarvottorðs.

23. gr.

Ráðningarsamningur starfsmanna skal vera skriflegur og með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti, en mánaðar uppsagnarfresti á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Sóknarnefnd í samráði við sóknarprest semur starfslýsingu fyrir þessa starfsmenn.

24. gr.

[Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- barnaverndarlögum nr. 80/2002
- almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e.

kynferðisbrot skv. 22. kafla

önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla, þó einungis refsíðoma síðustu fimm ár vegna brots skv. 217. gr. um minniháttar líkamsmeiðingar

brot gegn frjálstræði manna skv. 24. kafla

fíkniefnabrot skv. 173. gr. a.

- lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, þ.e. refsídóm síðustu fimm ár.]1)

1) *Starfsreglur 1037/2012*

Ofangreint ákvæði nær einnig til sjálfboðaliða sem starfa með börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri hjá sókn. Sóknarnefnd skal óska eftir samþykki allra, sem sækjast eftir starfi, launuðu, sjálfboðnu eða í verktöku, til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá viðkomandi hvað varðar ofangreindar tegundir brota. Synji umsækjandi um heimild er óheimilt að ráða hann til starfa.

Hafa ber hliðsjón af starfsreglum um djákna og organista við gerð ráðningarsamninga við þá og starfslýsinga, svo og samþykktum stefnumálum kirkjupings sem varða starfssvið þeirra sérstaklega.

25. gr.

Ef upp kemur ágreiningur um störf starfsmanna innan sóknar, sem ekki tekst að leysa þar á vettvangi, skal vísa málinu til prófasts.

IV. Annað.

26. gr.

Komi fram skrifleg tillaga í söfnuði, um að embætti sóknarprests eða prests skuli auglýst laust til umsóknar, á grundvelli 40. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, skal hún berast prófasti. Prófastur kynnrir presti tillöguna. Hann ræðir síðan við málsaðila og kannar möguleika á sáttum, ef því er að skipta. Náist ekki sættir gerir prófastur sóknarnefnd viðvart og boðar hún til almenns safnaðarfundar, þar sem tillagan er tekin til afgreiðslu. Boða skal safnaðarfundinn með sama hætti og aðalsafnaðarfund sóknarinnar. Í fundarboði skal greina dagskrá og hvar nálgast megi tillöguna. Nægilegt er að tillagan sé aðgengileg hjá prófasti eða biskupsstofu a.m.k. viku fyrir fund.

Á safnaðarfundinum skal prestur gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna og leggja fram skriflega greinargerð. Presturinn vísar að því búnu af fundi, nema fundurinn ákveði annað. Að loknum umræðum eru greidd

atkvæði um tillöguna og sendir sóknarnefnd niðurstöðuna til biskups Íslands með öðrum gögnum málsins, hafi tillagan verið samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða en ella fellur málið niður.

V. Gildistaka.

27. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 55. gr. og 57. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2012. Jafnframt falla brott starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998 frá sama tíma.

Starfsreglur um presta nr. 1110/2011

Almennt.

1. gr.

Prestsembættið skiptist í starf sóknarprests, héraðsprests, sérþjónustuprests og prests. Sú skipting er byggð á lögum og starfsreglum kirkjunnar og varðar starfssvið og ábyrgð einungis.

2. gr.

Samkvæmt köllun, vígsluheiti og vígslubrési skal sérhver prestur hennar:

boða Guðs orð í anda evangelísk lúterskrar kirkju

hafa sakramentin um hönd

veita sálgæslu og hlýða skriftum og veita leiðsögn í andlegum efnum og trúarlífi

vera málsvari fátækra, boðberi réttlætis og kærleika Guðs

fræða unga sem eldri í sannindum fagnaðarerindisins

ferma, gifta, vitja sjúkra og nauðstaddra, jarðsyngja látna, styðja syrgjendur til huggunar

leggja sitt af mörkum í lífi og starfi þjóðkirkjunnar

leitast við að breiða út Guðs ríki í samfélaginu, og með því að styðja kristniboð og hjálparstarf.

3. gr.

Presti er skylt að sinna embætti sínu samkvæmt þeirri köllun sem hann hefur hlotið og vígslubrési, svo og samkvæmt þeim lögum, reglum, siðareglum og samþykktum sem um starf hans gilda á hverjum tíma. Enn fremur ber presti að fara að ákvæðum ráðningarsamnings, ef því er að skipta og erindisbréfs.

Prestur sér til þess, svo sem honum er fært, að allt starf þjóðkirkjunnar í prestakallinu eða á starfssviði hans að öðru leyti gangi vel og greiðlega fyrir sig. Presti ber að sýna nauðsynlegt frumkvæði til að svo megi verða.

Presti ber að gæta ýtrustu hagkvæmni við embættisrekstur sinn.

Presti ber að hlýða löglegu boði biskups og fyrir hans hönd prófasts.

Presti ber að vera viðlátinn í prestakalli sínu eða starfsstöð á þeim tíma sem fyrirmæli, samningar eða lög þjóða.

Prestur ber við rækslu starfa sinna að hafa samráð og samstarf við kirkjustjórnina, aðra presta, sóknarnefndir, starfsmenn safnaða og aðra þá aðila sem tengjast starfi hans eftir eðli málsins og því sem við getur átt.

Prestur er skylt að færa embættisbækur, skýrslur og skrár og sinna skjalagerð, skjalavistun og skýrsluskilum vegna embættisins samkvæmt nánari fyrirmælum biskups. Biskup getur ákveðið að skil á gögnum skuli vera rafræn.

Prestur ber að viðhalda þekkingu sinni og menntun eftir föngum til að geta ávallt sem best sinnt starfi sínu.

Prestur ber að láta í té þá aukþjónustu eða afleysingaþjónustu sem óskað er eftir enda sé hún á starfssviði hans skv. starfsreglum þessum eða erindisbréfi.

Um erindisbréf presta.

4. gr.

Biskup gefur út erindisbréf fyrir hvern prest þjóðkirkjunnar, er lýsir almennum og sérstökum starfsskyldum prestsins. Erindisbréf skal vera í fullu samræmi við vígslubréf prests, ráðningarsamning og starfslýsingu, ef því er að skipta.

Biskup getur skilgreint að tilteknu prestsembætti fylgi sérstakar viðbótarskyldur.

5. gr.

Erindisbréf prests taki til eftirfarandi atriða:

skyldu prests til viðveru og bakvakta

fastra viðtalstíma prests að lágmarki

messuskyldu í sóknarkirkjum og kapellum í prestakalli

skyldu til að færa lögboðnar embættisbækur, skrár og til að sinna lögboðinni skjalagerð vegna embættisins

skyldu til aukþjónustu og afleysingaþjónustu

skyldu til að sinna aukaverkum og undirbúningi þeirra

ákvæði um helgistundir og vitjanir á sjúkrastofnanir og sambýli á vegum heilbrigðisþjónustunnar

ákvæði um önnur verk ótalin sem nauðsynlegt eða eðlilegt þykir að sinna.

6. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á erindisbréfi, geti prestur ekki sætt sig við erindisbréf eða sé ekki fallist á beiðni um breytingar á erindisbréfi má vísa málinu til úrskurðar biskups.

7. gr.

Breyta má erindisbréfi prests ef nauðsynlegt þykir og nýjar forsendur koma til, nýjar aðstæður skapast eða sérstök tilvik ber að höndum.

Um sóknarpresta og presta í prestaköllum.

8. gr.

Starfsvettvangur sóknarprestis er sókn eða sóknir prestakallsins. Í hverju prestakalli skal vera sóknarprestur. Heimilt er biskupi að skipa prest til starfa í fjölmönnum prestaköllum eða þar sem aðstæður gefa tilefni til.

Sóknarprestur er hirðir og leiðtogi safnaðarins og starfar við hlið sóknarnefndar.

Sóknarprestur og prestur eru samstarfsmenn í sóknum prestakallsins og ber að haga þjónustu sinni og samstarfi í samræmi við það. Báðir lúta þeir tilsjón prófasts og biskups.

9. gr.

Sóknarprestur er í fyrirsvari um kirkjulegt starf í sóknum prestakallsins og hefur forystu um mótun þess og skipulag. Í fyrirsvari og forystu sóknarprests felst ekki stjórnunarvald eða boðvald yfir presti.

Sóknarprestur ber ábyrgð á færslu embættisbóka prestakallsins og skil á skýrslum um embættisverk til biskupsstofu og Þjóðskrár.

Sóknarprestur skal taka þátt í gerð starfs-, rekstrar- og fjárhagsætlana sóknar samkvæmt starfsreglum þar um.

Sóknarprestur skal í samráði við sóknarnefnd taka ákvörðun um hvernig afnotum af kirkju er háttað, sbr. starfsreglur um kirkjur og safnaðarheimili og samþykktir um innri mál kirkjunnar, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram.

10. gr.

Sóknarprestar og prestar sem sitja prestssetur skulu gæta hagsmuna þess í samstarfi við þá er stýra málefnum prestssetra.

Sóknarprestum og prestum ber að láta í té þá aukajónustu í prófastsdæminu sem ákveðin er og að leysa af á vikulegum frídegi grannprests.

Sóknarprestum og prestum ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir tilsjón prófasts. Samstarf presta skal skv. þessu m.a. lúta að afleysingajónustu í sumarleyfum og á frídögum presta svo og þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir samstarfssvæði og prófastsdæmið í heild.

Sóknarpresti og presti er skylt að taka að sér aukajónustu eða annast tiltekin verkefni og þjónustu utan prestakalls síns samkvæmt boði biskups.

Sóknarprestur og prestur skulu sitja sóknarnefndarfundi, starfsmannafundi, héraðsfundi og fundi er biskup og prófastur boða til, nema forföll hamli eða nauðsyn banni.

11. gr.

Þar sem prestar eru fleiri en einn í prestakalli skulu þeir, undir forystu prófasts skipta formlega með sér verkum samkvæmt því sem nánar er getið í starfsreglum þessum.

Starfsskyldur og réttindi sóknarprests og prests skulu jöfn nema hvað þau atriði varðar, sem sérstaklega er kveðið á um í lögum, starfsreglum og öðrum viðeigandi ákvæðum.

Tilgangur skiptingar starfa milli sóknarprests og prests skal vera að:

tryggja sóknarfólki sem besta þjónustu kirkjunnar

nýta hæfileika og styrkleika prestanna sem best

viðhalda góðum samstarfsanda

varna óþarfa álagi og starfskulnun.

12. gr.

Við skiptingu starfa ber að hafa hliðsjón af heildarskipulagi prestsþjónustu í prestakallinu, prófastsdæminu og á samstarfssvæði. Aukaverkum skal skipta jafnt milli presta eftir því sem við verður komið. Við ákvörðun um skiptingu starfa ber enn fremur að hafa hliðsjón af eftirtöldu:

ábyrgð sóknarprests á starfrækslu embættisins

vinnutíma og álagi sem fylgir einstökum verkefnum

hvernig starf var auglýst og kynnt, ef því er að skipta

sérstakri hæfni eða reynslu presta á ákveðnum sviðum

stoðþjónustu annarra presta eða sérhæfðri prestsþjónustu sem kann að vera veitt í prestakallinu eða á samstarfssvæði

skyldu til að sinna aukþjónustu

sérstökum atvikum eða aðstæðum í prestakalli eða á samstarfssvæði ef því er að skipta sem gera nauðsynlegt að grípa til sérstakra eða óvenjulegra ráðstafana.

13. gr.

Breyta má skiptingu starfa hafi forsendur breyst. Komi upp ágreiningur um skiptingu starfa skal málinu vísað til prófats til úrlausnar. Ef ekki tekst að jafna ágreining skal málinu vísað til vígslubiskups. Ef samkomulag tekst ekki skal biskup Íslands úrskurða um verkaskiptingu.

Um héraðspresta.

14. gr.

Héraðsprestur þjónar með prófasti og prestum í prófastsdæmum undir stjórn prófats. Héraðsnefnd leggur honum til starfsaðstöðu á kostnað héraðsjóðs.

Héraðsprestur annast meðal annars afleysingar og skipuleggur fræðslumál á þjónustusvæði sínu.

Um starfsskyldur héraðspresta gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um starfsskyldur presta eins og við getur átt.

15. gr.

Ef héraðsprestur er skipaður til þjónustu í fleiri en einu prófastsdæmi skal kveðið á um þjónustu hans í erindisbréfi sem biskup gefur út. Þar skal sérstaklega kveðið á um hvaða prófastur fari með umsjón og hvernig hlutaðeigandi héraðsnefndum ber að uppfylla skyldur sínar gagnvart héraðspresti.

Um sérþjónustupresta.

16. gr.

Sérþjónustuprestur er prestur sem skipaður er eða ráðinn til prestsþjónustu þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra eða til annarrar þjónustu í biskupsdæminu. Að jafnaði skal sérþjónustuprestur hafa sérmenntun til starfans.

Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum erindisbréf.

Um starfsskyldur sérþjónustupresta gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um starfsskyldur presta eins og við getur átt.

Tímabundin leyfi.

17. gr.

Nú koma fram áskanir á hendur presti um refsiverða háttsemi og skal honum þá veitt launað leyfi á meðan á rannsókn stendur. Biskup getur áskilið í slíkum tilvikum að prestur veiti ekki tiltekna prestsþjónustu á meðan.

Gildistaka.

18. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2012. Jafnframt falla brott starfsreglur um presta nr. 735/1998 frá sama tíma.

Starfsreglur um organista 823/1999

Skilgreiningar.

1. gr.

Organisti nefnist hver sá sem leikur á orgel og stýrir söng í kirkju. Kirkjuorganisti nefnist hver sá sem lokið hefur námi sem viðurkennt er af Tónskóla þjóðkirkjunnar og gegnir starfi organista hjá söfnuði sbr. 6. gr. og er óheimilt að nota það starfsheiti um aðra. Ákvæði starfsreglna þessara gilda jafnt um organista og kirkjuorganista.

Verksvið organista.

2. gr.

Verksvið organista skal vera sem hér segir:

Að leiða söng safnaðarins í helgihaldinu.

Leika á hljóðfæri við guðsþjónustur og aðrar athafnir.

Sjá um forsöng, hljóðfæraleik og kórstjórn við kirkjulegar athafnir sé eftir því leitað af sóknarbörnum.

Sjá um þjálfum kirkjukórs og annarra kóra við kirkjuna í samráði við sóknarprest og sóknarnefnd.

Veita leiðsögn og fræðslu, til dæmis fermingarbörnum, um tónlist í helgihaldi í samráði við sóknarprest.

Önnur verkefni á sviði tónlistar sem áskilið er af sóknarnefnd.

Verksvið organista skal nánar skilgreint í erindisbréfi, sem sóknarnefnd setur organista, sbr. 7. gr.

Skyldur organista í starfi.

3. gr.

Organisti lýtur forystu prests í helgihaldi og hefur samráð við prest við val á tónlist í helgihaldi eftir því sem við á eða óskað er eftir.

Organisti skal í starfi sínu virða hefðir og stefnu kirkjunnar í tónlistarmálum sem og helgi kirkjuhússins.

Organista er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum vinnuveitanda eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Organista er skylt að sitja fundi sem sóknarnefnd eða sérnefndir á vegum safnaðar boða hann til, enda varði fundarefni verksvið hans. Hann skal taka þátt í samstarfi organista og kirkjukóra innan prófastsdæmisins.

Organista ber að gera starfsáætlun fyrir hvert starfsár eða starfstímabil í samræmi við starfs- og rekstraráætlun sóknar og starfsáætlun sóknarprests og prests. Organista ber einnig að taka þátt í gerð starfs- og rekstraráætlunar sóknar og sóknarprests.

Organisti getur eigi stofnað til fjárútláta nema á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar sóknar og með samþykki sóknarnefndar.

Organista ber að gæta þess, eins og kostur er og aðstæður leyfa, að viðunandi aðstaða og búnaður sé til staðar og að hann sé jafnan í góðu ásigkomulagi og við hæfi. Organisti gerir réttum aðilum viðvart ef út af bregður.

Organista ber, með stuðningi sóknarnefndar, að viðhalda þekkingu sinni og menntun eftir föngum til að geta ávallt sem best sinnt starfi sínu.

Réttindi organista í starfi.

4. gr.

Organisti ræður framkvæmd starfa sinna, samkvæmt 2. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum reglna þessara.

Sóknarnefnd, sóknarpresti, presti og öðrum starfsmönnum sóknar, svo og sérnefndum, er kunna að vera skipaðar í sókn, ber ávallt að hafa fullt samráð við organista um allt er varðar tónlistarmálefni safnaðarins, s.s. hljóðfæri safnaðar svo og annan búnað er varðar starfssvið organista, þ.m.t. kaup, viðgerðir eða viðhald á búnaði.

Organista er heimilt að veita öðrum en sóknarmönnum þjónustu þá er getur í 3. tl. 2. mgr. 2. gr., enda komi það ekki niður á föstu starfi hans.

Auglýsingar, ráðningarsamningar o. fl.

5. gr.

Auglýsa skal laus störf organista með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta. Auglýsing skal birtast í prentuðum fjölmiðli (dagblaði) sem dreift er á landinu öllu. Í auglýsingu skal tiltekið:

hvernig ráðningarkjör eru, sbr. 6. gr.

hvenær umsóknarfrestur rennur út

hvert umsóknir skuli senda.

Umsóknir, þar sem óskað er nafnleyndar, skulu ekki teknar gildar.

Í umsókn sinni skal umsækjandi gera grein fyrir menntun og fyrri störfum.

Ráðningarsamningar.

6. gr.

Sóknarnefnd ræður organista í samráði við sóknarprest, sbr. 17. gr. starfsreglna um sóknarnefndir, nr. 732/1998.

Erindisbréf.

7. gr.

Sóknarnefnd, í samráði við sóknarprest og prest, setur organista erindisbréf. Skal skilgreina þar hlutverk organista, verksvið og starfsskyldur. Skal erindisbréfið vera til samræmis við starfsreglur þessar, starfsreglur um kirkjutónlist og tónlistarstefnu kirkjunnar.][1)

1) *Starfsr. 954/2010 3. gr.*

Fleiri en ein sókn.

8. gr.

Ef fleiri en einn söfnuður ráða organista sameiginlega til starfa skal setja skýrar reglur um vinnuskiptingu og vinnutilhögun. Haga skal starfi organistans þannig að ekki verði skörun milli sókna.

Ágreiningsmál.

9. gr.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sker úr ágreiningi sem rísa kann í tengslum við starf organista samkvæmt reglum þessum, eftir þeim reglum sem um störf nefndarinnar gilda.

Gildistaka.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 57. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 26. maí 1997, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar

Inngangur

Siðareglur þessar ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og starfsfólks í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana kirkjunnar. Þær eru ætlaðar til stuðnings og leiðbeiningar í þjónustu við Guð og menn.

Grundvallarregla mannlegra samskipta er gullna reglan: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera.” (Matt. 7,12)

Starfsfólk og vígðir þjónar kirkjunnar hafa þá reglu umfram allt að leiðarljósi.

Reglur

Starfsfólk og vígðir þjónar kirkjunnar eru fulltrúar kirkju sinnar og gæta þess í starfi og einkalífi að hafa virðingu hennar í heiðri og leitast við að bera fagnaðarerindi Krists vitni í orði og verki með því að:

Gera sér far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists með virðingu eftir því sem skilningur og samviska þjóða hverju sinni og láta sér annt um líðan og velferð annarra.

Gæta vandvirkni, samvirkusemi og heiðarleika í starfi og að orð og athæfi samrýmist starfi og umhverfi, stað og stund.

Virða þagnarskyldu um hvað eina sem þau verða áskynja í starfi og leynt skal fara.

Gæta þess að vanvirða ekki tilfinningar og tiltrú skjólstæðinga sinna.

Fara ekki í manngreinarálit og veita þeim kirkjulega þjónustu sem leita eftir henni.

Þekking og virða takmörk sín og sækja sér faghandleiðslu og sálgæslu.

Misnota aldrei aðstöðu sína eða ógna velferð skjólstæðings, svo sem með óviðeigandi hegðun, orðfæri, viðmóti, kynferðislegri eða annars konar áreitni.

Minnast þess að mörk einstaklinga eru mismunandi, svo sem að snerting getur auðveldlega misskilist eða valdið óþægindum.

Stofna ekki til óviðeigandi sambands við skjólstæðing.

Leita eftir símenntun, fræðslu og uppbyggingu í trú og kristnu samfélagi.

Sýna ábyrgð og trúmennsku í meðferð fjármuna.

Gæta hófs í umgengni við áfengi og vera öðrum fyrirmynd í þeim efnum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmennum er óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.

Sýna ábyrg rafræn samskipti og netnotkun.

Vera ávallt upplýst um lög og reglur sem gilda um börn og unglunga og að skylt sé að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef ætla má að barn búi við óviðunandi aðstæður eða er þolandi ofbeldis.

Vera meðvitað um að þau hafi sterkari stöðu en barnið sem þau vinna með. Ekki má undir nokkrum kringumstæðum misnota aðstöðu sína.

Gæta varfærni og hlífðar í samskiptum við börn og skjólstæðinga í viðkvæmum aðstæðum.

Sýna árvekni gagnvart einelti, áreitni og annarri óviðeigandi hegðun.

Notfæra sér ekki vitneskju eða tengsl sem verða til á vettvangi þjónustunnar í ábata- eða hagsmunaskyni.

Gæta þess að eiga gott samstarf við samstarfsfólk og yfirmenn, stuðla að eindrægni og samhug og gæta virðingar í umtali.

Sýna jafnan trú og siðum annarra umburðarlyndi og forstöðumönnum og prestum annarra trúfélaga og kirkjudeilda virðingu.

Gæta þess að vera málefnaleg og gæta varkárni í ummælum um kenningarleg og guðfræðileg mál, hvort sem er í samræðum eða opinberlega.

Almenn ákvæði

[Hver sá sem telur að vígður þjónn eða anar starfsmaður þjóðkirkjunnar hafi brotið framangreindar siðareglur getur leitað til biskups Íslands eða kært eftir atvikum.]¹⁾

1) Kirkjuþing 2013, 24. mál

Miða skal við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins.

Að 18 ára aldri er einstaklingur skilgreindur sem barn. Óheimilt er að ráða til starfa fólk til að sinna börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna kynferðisbrots, skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um kynferðisbrot. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm á síðastliðnum fimm árum fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Þessi ofangreindu ákvæði ná einnig til sjálfboðaliða sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri.

Yfirmenn vígðra þjóna og starfsmanna þjóðkirkjunnar eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna ofangreindra brota, að fengnu samþykki hans. Á það við bæði um starfsfólk sem starfar með börnum og unglungum svo

og við önnur störf hjá sóknum og stofnunum kirkjunnar hvort sem um launuð eða ólaunuð störf er að ræða.

Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009

1. gr.

Með hugtakinu kynferðisbrot í reglum þessum er átt við þá háttsemi sem lýst er refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi almennra hegningarlaga.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá vinahótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm og ekki á jafnræðisgrundvelli.

2. gr.

Ef ætlað kynferðisbrot varðar barn, skal sá sem hefur vitneskju um málið, gegna skilyrðislausri tilkynningaskyldu samkvæmt gildandi lögum. Öllum málum er varða ætluð kynferðisbrot innan kirkjunnar skal vísað til fagráðs. Óheimilt er að afgreiða í söfnuði eða sóknarnefnd mál er varðar ætlað kynferðisbrot.]1) 1) *Starfsreglur 952/2010, 1. gr.*

3. gr.

Kirkjuráð útnefnir fagráð um meðferð kynferðisbrotamála. Fagráð er skipað þremur einstaklingum og þremur til vara, er hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum. Einn ráðsmanna skal vera lögfræðingur, annar skal vera guðfræðingur og sá þriðji skal vera læknir, sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur, eða hafa sambærilega menntun. Varamenn hvers ráðsmanns skulu uppfylla sömu skilyrði. Ráðsmenn skipa einn úr sínum hópi til þess að vera formaður fagráðsins.

4. gr.

Hlutverk fagráðs er eftirfarandi:

- a) að fylgja eftir að mál sem varða kynferðisbrot og upp koma innan kirkjunnar, fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum þessum;
- b) að heyra umkvartanir þolanda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni;
- c) að vera biskupi og kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum;
- d) að fjalla um einstök mál sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og veita henni ráðgjöf um meðferð þeirra;
- e) að meta árangur starfsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf;
- f) að stuðla að forvörnum og fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar í samvinnu við fræðsluvið Biskupsstofu.]1) 1) *Starfsreglur 952/2010, 2. gr.*

5. gr.

Fagráð getur leitað til utanaðkomandi aðila til að taka að sér hlutverk talsmanns þolenda í tilteknum málum. Talsmaður starfar í umboði og á ábyrgð fagráðs. Hlutverk talsmanns er að vera þeim sem telur sig þolanda kynferðisbrots til ráðgjafar og stuðnings. Talsmaður skal hafa reynslu af því að vinna með þolendum kynferðisbrota og hafa háskólamenntun sem nýtist við verkefnið.]1) 1) *Starfsreglur 952/2010, 4. gr.*

6. gr.

Telji einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr., skal hann fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá fagráði. Fagráð aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Fagráð aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega aðstoð. Fagráð skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt.]1) 1) *Starfsreglur 952/2010, 5. gr.*

7. gr.

Nú telur einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr. og skal hann þá fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá talsmanni. Talsmaður aðstoðar hann við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir. Talsmaður aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Talsmaður aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega hjálp og aðstoð. Talsmaður skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt. Óheimilt er að afgreiða í söfnuði eða sóknarnefnd mál er varðar ætlað kynferðisbrot.

8. gr.

Mæli lög ekki á annan veg er talsmanni, fagráðsmönnum og öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar skylt að gæta þagmælsku um einstök mál sem kunna að verða rekin á grundvelli starfsreglna þessara. Um aðgang að upplýsingum um einstök mál skal farið að gildandi lögum á hverjum tíma.

9. gr.

Kirkjuleg yfirvöld skulu sjá til þess að sálgæsla verði veitt meintum geranda, fjölskyldu hans og þeim, sem í kirkjulegu starfi hafa verið í mikilvægu samstarfi við hann. Æskilegt er að sálgæsla þessi sé veitt af presti í heimahéraði, innan sóknar eða prófastsdæmis.

10. gr.

Kostnaður við starfrækslu fagráðs og talsmanna, svo og annar kostnaður sem hlýst af starfsreglum þessum, skal greiddur úr kirkjumálasjóði samkvæmt nánari ákvörðun kirkjuráðs. Kirkjuráð ákveður við gerð fjárhagsáætlunar fyrir kirkjumálasjóð hverju sinni, framlög til fræðslustarfs og forvarna.

11. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2010. Jafnframt falla brott starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998.

Siðareglur fyrir fólk sem starfar með börnum og unglungum í kristilegu starfi

1. Í kristilegu starfi með börnum og unglungum skal leitast við að fræða börn og unglunga um kristna trú, kristið gildismat og iðkun trúarinnar. Jafnframt að leiða þau til samfélags við hinn lifandi Guð og frelsarann.

2. Ávallt skal að stuðla að heilbrigðu, uppbyggjandi og skemmtilegu starfi með börnum og unglingum, jafnframt skal leitast við að eiga góð tengsl við börn og unglinga.
3. Starfsfólk skal leitast við að bera fagnaðarerindi Krists vitni í orði og verki.
4. Öll neysla tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna er með öllu óheimil í starfi með börnum og unglingum.
5. Ekki skal fara í manngreinarálit í samskiptum við börn og unglinga, vegna kynferðis, stöðu, skoðana eða trúar.
6. Finna skal úrræði til að koma í veg fyrir andlegt eða líkamlegt ofbeldi hvers konar.
7. Ekki skal stofna til óviðeigandi sambands við börn eða unglinga sem sækja starfið.
8. Gæta skal trúnaðar og þagmælsku um hvað eina sem starfsfólk verður áskynja í starfinu. Þagnarskylda á ekki við þegar mál koma upp er varða ákvæði um tilkynningarskyldu (sbr. IV. kafla Barnaverndarlaga, nr 80/2002).
9. Ætíð skal stuðla að velferð barna og unglinga. Starfsfólk skal ávallt vera upplýst um lög og reglur sem gilda um börn og unglinga. Ef starfsfólk verður þess áskynja að barn búi við óviðunandi heimilisaðstæður eða er þólandi alvarlegs ofbeldis skal tilkynna það barnaverndaryfirvöldum.
10. Kappkosta skal að eiga góð samskipti við samstarfsfólk (leiðtoga, yfirboðara o.s.frv.) og leita eftir fræðslu og kristnu samfélagi. Gæta skal vandvirkni og heiðarleika í starfi og að orð og athæfi samrýmist því starfi sem viðkomandi gegnir.
11. Starfsfólk skal gera köllun sína ljósa í starfi með börnum og unglingum og sýna trúnað þeim evangelísk-lúterska játningargrundvelli sem starfið byggir á.

Biskupsstofa

Landssamband KFUM og KFUK

Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkúrprófastsdæmunum

Æskulýðsnefnd Kjalarnesprófastsdæmis

Heilræði fyrir fólk sem starfar með börnum og unglingum

Hafðu í huga í starfi með börnum og unglingum að ...

- bera ætíð virðingu fyrir þeim sem þú starfar með og láta þér annt um vel ferð og líðan þeirra.
- þú ert í föruneysi barnsins eða unglingsins á leið þess að því að verða fullvaxta manneskja. Að þú ert samferða og það felur ekki í sér að vita alltaf betur eða geta meira, heldur hlusta og vera nálægur.
- þú ert eldri, berð ábyrgð og ert fyrirmynd. Vertu þú sjálf/ur og vertu samkvæmur sjálfri/um þér.
- gefa af þér, en gættu að hvar mörkin liggja. Að gefa af sér merkir ekki að starfs maður deili vandamálum sínum með börnum og unglingum í starfi.
- hafa skopskyn getur haft mikið að segja í starfi, en það má aldrei vera gróft, tví rætt eða niðrandi fyrir aðra.
- í samskiptum við börn og unglinga hefur þú sterkari stöðu en börnin og unglingarnir sem þú vinnur með. Varastu að misnota þér þá stöðu.
- það er ekki góð hugmynd að sjá ein/n um samverur með börnum eða unglingum eða fara ein/n með hóp í ferðalag. Hafðu vit fyrir yfirmönnum þínum ef þeir ætla að senda þig eina/n.
- krakkarnir vilja að þú sért sá fullorðni, en um leið hlustaðu á þau og taktu þátt í því sem þau eru að gera. Taktu virkan þátt í þeirri dagskrá sem er í boði og sýndu henni áhuga.

- vera ekki ein/n með barni eða unglingi. Ef barn eða unglingur vill tala við þig einslega, gættu þess þá að aðrir starfsmenn viti af því og að einhver sé nærri. Starfs maður ætti ekki að aka börnum heim úr starfi nema með vitneskju foreldra.
- eiga gott samstarf við foreldra og forráðamenn og upplýsa þá um starfið og það sem þar fer fram.
- snerting er stundum viðeigandi en hún getur auðveldlega misskilist. Stundum er betra að standa fyrir utan leiki sem fela í sér mikla snertingu.
- vera vel undirbúin/n fyrir samverur. Krakkarnir sjá fljótt ef þú ert óundirbúinn. Helgihald ið er mikilvægur þáttur í starfinu og oft þarf að aðlaga það að þeim hópi sem þú ert með. Mundu að það sem barnið upplifir og lærir í samræðum skilar meiru en langar orðræður.
- þekkja og virða takmörk þín, og leita þér hjálpar ef illa gengur. Margt getur komið uppá í starfinu sem krefst mikils af þér. Hikaðu ekki við að leita ráða hjá þeim sem þú treystir.
- sjaldnast fáum við að velja samstarfsfólkið okkar. Lykillinn að góðu samstarfi er að ræða þau vandamál sem upp koma og vera tilbúin/n að líta í eigin barm. Varastu að ræða málefni annarra starfsmanna við þátttakendur.
- þú ert aldrei ein/n á ferð, Jesús er alltaf með í för. Mundu eftir því að þú og Guð þurfið tíma saman. Mundu eftir að biðja fyrir starfinu og vera í samfélagi við annað trúað fólk.

Starfsmannastefna Þjóðkirkjunnar

Grundvöllur Starfsmannastefna Þjóðkirkjunnar byggist á ákvæðum kirkjulaga, starfsmannalaga og annarra laga eftir því sem við á, starfsreglum Kirkjupings, siðareglum viðkomandi starfsstétta, vígslubréfum presta og djákna, svo og stefnum sem kirkjan hefur samþykkt, svo sem jafnréttisstefnu, vímuvarnarstefnu, o.fl. Með “Þjóðkirkjan” er átt við sóknir, embætti og stofnanir Hinnar evangelísku lútersku Þjóðkirkju á Íslandi. Með orðunum “starfsfólk” og “starfsmaður/starfsmenn” er átt við vígða þjóna Þjóðkirkjunnar, sóknarnefndir, starfsfólk sókna og stofnana Þjóðkirkjunnar. Starfsmannastefnan tekur og til ólaunaðs starfsfólks kirkjunnar eftir því sem við getur átt.

1. Meginmarkmið

Meginmarkmið starfsmannastefnunnar er að Þjóðkirkjan hafi á að skipa hæfu, áhugasömu og ábyrgu starfsfólki, að Þjóðkirkjan veiti starfsfólki sínu sem best skilyrði til að helga sig hinum fjölpættu verkefnum á vettvangi kirkjunnar og möguleika til þess að vaxa og dafna í starfi.

2. Ábyrgð og skyldur stjórnenda og starfsmanna

Í Þjóðkirkjunni skulu viðhafðir góðir og gildir stjórnunarhættir. Þar ríki jákvætt viðhorf til starfsmanna og gagnkvæmt traust milli stjórnenda og starfsfólks. Stjórnendur sýni starfsfólki traust, tillitssemi og hreinskilni, tryggi gott samstarf og vinnuanda, sjái til þess að vinnuaðstaða og félagslegt starfsumhverfi sé gott og veiti starfsfólki tækifæri til að menntast og dafna í starfi, bæði faglega og persónulega. Stjórnendur gefi starfsmönnum tækifæri til að taka þátt í mótun stefnu Þjóðkirkjunnar og ákvörðunum er varða störf þeirra sérstaklega. Starfsfólk Þjóðkirkjunnar sýni kostgæfni og trúmennsku, ábyrgð og frumkvæði, vilja og hæfni til samstarfs og sveigjanleika í starfi. Starfsfólk skal temja sér kurteisi og háttvísi í framkomu og að sýna hvert öðru tilhlýðilega virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót. Stjórnendur sjái til þess að launað jafnt sem ólaunað starfsfólk njóti virðingar fyrir störf sín.

3. Upplýsingar, boðmiðlun og samskipti

Almennar upplýsingar um stefnu og starfsemi Þjóðkirkjunnar skulu ávallt vera starfsfólki aðgengilegar. Upplýsingastreymi og boðleiðir skulu vera skilvirkar til að styrkja samstöðu starfsfólks, auka ábyrgð og bæta samskipti. Stjórnendum ber skylda til að upplýsa starfsfólk um málefni sem varða störf þess sérstaklega.

4. Jafnrétti, starf og fjölskylda

Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur og skyldur við fjölskylduna. Starfsfólki skal gefinn kostur á tímabundnu breyttu starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma vegna fjölskylduábyrgðar, eftir því sem kjarasamningar og aðstæður leyfa og án þess að það hafi áhrif á starfsframa þeirra. Þjóðkirkjan stendur vörð um mannréttindi, hvetur til umburðarlyndis og vinnur samkvæmt jafnréttislögum og jafnréttisáætlun kirkjunnar.

5. Skipun og ráðning starfsmanna

Þjóðkirkjan hefur þá meginreglu að auglýsa laus störf til umsóknar þar sem fram komi starfslýsing og hverjar starfsskyldurnar eru. Skipun og ráðning starfsfólks skal fylgja almennum reglum um ráðningar hjá hinu opinbera svo sem að auglýsa störf, gera ráðningarsamninga og þess háttar. Auglýsingar um laus störf eru birtar með a.m.k. hálfmánaðar umsóknarfresti nema lög mæli á annan veg. Í auglýsingu skal þess gætt að fram komi starfslýsing og að vakin sé athygli á jafnréttissjónarmiðum. Starfsumsóknnum skal svarað skriflega. Nýir starfsmenn skulu fræddir almennt um Þjóðkirkjuna og nánar um starfssemi þeirrar stofnunar sem þeir eru ráðnir til, einnig um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur. Næsti yfirmaður er ábyrgur fyrir því að nýjum starfsmanni sé veitt slík fræðsla.

6. Starfsþjálfun, símenntun og handleiðsla

Þjóðkirkjan veitir starfsfólki sínu starfsþjálfun, gefur því kost á endur- og símenntun og styrkir fólk í starfi með faghandleiðslu og sálgæslu eftir því sem kostur er. Starfsfólk Þjóðkirkjunnar njóti andlegrar leiðsagnar og sálgæslu. Starfsfólki skal gefinn kostur á faglegri handleiðslu til að bæta líðan þess, auka öryggi í starfi og tryggja gæði þjónustunnar. Mikilvægt er að starfsfólki sé gefinn kostur á að fara í kynnisferðir, sækja námskeið og ráðstefnur og rækja samstarf við starfssystkin eftir því sem kostur er, enda sé það markvisst og nýtist í starfinu.

7. Starfsmannaviðtal

Starfsmannaviðtal skal fara fram árlega. Starfsmannaviðtal er vettvangur fyrir gagnkvæma miðlun upplýsinga milli stjórnanda og starfsmanns. Starfsmannaviðtal styður og styrkir starfsmann. Jafnframt gefur það tækifæri til að draga lærdóm af ábendingum starfsmannsins um það sem betur má fara í starfstilhögun, stjórnun, o.fl. Sérstakt starfsmannaviðtal skal tekið við starfslok fastráðins starfsmanns.

8. Launamál og orlof

Þjóðkirkjan vill búa starfsfólki sínu góð starfskjör svo að hún geti ráðið til sín og haldið hæfu starfsfólki. Laun skulu taka mið af ábyrgð, menntun, hæfni og frammistöðu. Stjórnendur skulu jafnan gæta þess að starfsfólk njóti orlofs, hvíldar og uppbyggingar. Jafnframt er starfsfólk hvatt til að nýta sér orlofsrétt í því skyni.

9. Siðareglur og starfsagi

Starfsfólk Þjóðkirkjunnar sýni kirkjunni fulla virðingu í orðum og athöfnum. Starfsfólki ber að hlíta fyrirmælum yfirboðara síns, sýna heiðarleik, trúmennsku og vandvirkni og virða þagnarskyldu um hvað eina sem það verður áskynja í starfi. Starfsfólki ber að fara eftir sérstökum siðareglum þar sem því er að

skipta. Starfsfólki er óheimilt að þiggja greiðslur eða annan viðurgjörning sem túlka má sem greiðslur fyrir greiða. Starfsfólki ber að gæta þess að launuð aukastörf komi ekki niður á störfum þess fyrir Þjóðkirkjuna. Stjórnendur skulu leiðbeina starfsfólki og veita því aðstoð til þess að vinna úr vandamálum í starfi. Ef misbrestur verður á því að starfsfólk Þjóðkirkjunnar uppfylli þau skilyrði sem lög og reglur setja því, verður það að vera reiðubúið að bæta ráð sitt.

10. Starfsaðstaða og starfsumhverfi

Þjóðkirkjan vill tryggja starfsfólki sínu gott starfsumhverfi sem fullnægir almennum kröfum um öryggi og hollustu. Starfsfólki skal látn í té aðstaða sem gerir því kleift að sinna starfi sínu sem best og skal næsti yfirmaður í samráði við starfsfólk meta þörf fyrir starfsaðstöðu, s.s. húsrými, og tækjakost og annan aðbúnað. Starfsfólk ber sjálft ábyrgð á að fylgja kröfum um öryggi og aðgætni í starfi.

11. Framkvæmd og gildistími

Biskup Íslands, Kirkjuráð, sóknarnefndir og aðrir stjórnendur stofnana Þjóðkirkjunnar bera ábyrgð á því að starfsmannastefnunni sé framfylgt. Starfsmannastefna Þjóðkirkjunnar er samþykkt af Kirkjubingi og skal endurskoðuð eftir þörfum. Starfsmannastefnan tekur gildi 1. janúar 2003.

Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar og umhverfisstarf í söfnuðum

Kirkjubing 2009 staðfestir eftirfarandi umhverfisstefnu og áætlun um umhverfisstarf í söfnuðum og stofnunum þjóðkirkjunnar og felur kirkjuráði að fylgja eftir framkvæmd hennar.

Lífið og tilveran öll er sköpunarverk Guðs. Allt sem Guð skapar er gott og viðheldur lífinu, elur og nærir. Lífið er heilagt og hefur eigið gildi. Guð felur manningum að vera ráðsmaður sköpunarverksins og um leið er hann hluti þess. Þeirri köllun er honum ætlað að sinna af umhyggju og virðingu fyrir því sem lifir og grær. Lotning fyrir höfundi sköpunarverksins leiðir til ábyrgðar gagnvart því lífi og náttúru sem hann skapar. Frammi fyrir hinu sístæða sköpunarverki erum við hvött til að vera samverkamenn Guðs í að skapa betra líf og réttlátari heim.

Lifnaðarhættir mannkyns á síðustu öldum hafa valdið röskun á náttúru jarðar.

Þessar breytingar kalla á, að við endurskoðum þá lifnaðarhætti og gildismat, vinnum gegn ofneyslu og sóun og greiðum veg ráðdeildar og virðingar.

Íslenska þjóðkirkjan er aðili að stefnumótun Alkirkjuráðsins og Lúterska heimssambandsins er lýtur að umhyggju fyrir náttúrunni. Í því felst hvatning til þess að söfnuðir og stofnanir kirkjunnar leggi sitt að mörkum í mótun samfélags og lífshátta sem stuðla að hófsamari og að réttlátari skiptingu jarðargæða, að vinna gegn fátækt og neyð.

Í samræmi við það vill þjóðkirkjan leggja sitt að mörkum með því að:

1. boða hógværd og látleysi í lífsstíl og neyslu
2. uppörva einstaklinga og samfélag í því að auðsýna ábyrgð í umgengni sinni um jarðargæði
3. vinna gegn sóun og ofneyslu

4. leggja sig fram um að hlynna að lífi og náttúru
5. stuðla að sjálfbærri nýtingu jarðargæða, nýtni, orkusparnaði og endurvinnslu.

Til að framfylgja þessari stefnu mun Biskupsstofa leita samstarfs við presta og söfnuði, stofnanir og félagasamtök um eftirfarandi verkefni:

- útgáfa glöggra og einfaldra leiðbeininga um orkunotkun, sorpflokkun, endurvinnslu, o.þ.h.á vettvangi sókna og stofnana kirkjunnar
- útgáfa „Ljósaskrefsins“ – handbókar kirkjunnar fyrir umhverfisstarf
- umhverfisfræðsla í söfnuðum og kirkjumiðstöðvum
- þátttaka í almennum umhverfisstarfi í samfélaginu – umhverfisdagatal
- að nýta „Fair trade“ vörur þar sem þess er kostur
- halda úti vefsvæði með upplýsingum, hjálparefni um umhverfismál og tenglum við erlendar samstarfsstofnanir.

Jafnréttisstefna Þjóðkirkjunnar

I. Inngangur

Jafnréttisstefna kirkjunnar á að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt er í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists. Tvöfalda kærleiksboðorðið, Gullna reglan og Litla biblían eru orð fagnaðararindisins sem innihalda undirstöðuatriði kristins boðskapar og fela í sér jafnréttishugsjón.

Kirkjan byggir á þeim grunni sem lagður er af hinum upprisna frelsara. Skírnn inn í það samfélag gerir engan greinarmun á konum og körlum. Kirkjan gegnir þess vegna mikilvægu hlutverki í miðlun þess boðskapar. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra jarðarbarna.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi, nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er meðal annars lögð áhersla á að kynjasambætting¹⁾ sé fest í sessi sem mikilvæg leið til að koma á jafnrétti. Kirkjan mun byggja á því í starfi sínu.²⁾

Jafnframt er tekið mið af því að Þjóðkirkjan er aðili að Alkirkjuráði, Kirknaráði Evrópu og Lúterska heimssambandinu. Samtökin hafa hvatt kirkjur sínar til að jafna hlutföll kynjanna í nefndum og ráðum þannig að þar sitji að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur annars vegar til stjórnkerfis kirkjunnar og starfsmanna hennar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem kirkjan veitir.

II. Markmið

Markmið jafnréttisstefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla í Þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum kynjanna til starfa, áhrifa og þjónustu.

Markmiðin eru:

Að skapa forsendur fyrir konur og karla í kirkjunni til að njóta þess jafnréttis sem tryggt er í lögum.

Að festa kynjasambættingu í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnslu kirkjunnar.

Að auðvelda leikum og lærðum að móta og skapa aðstæður sem gera jafnréttismál að viðfangsefni allra innan kirkjunnar.

Að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna eða karla í því skyni að koma á jafnri stöðu kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar.

Að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Að tryggja framkvæmd þessara markmiða með framkvæmdaráætlun.

III. Jafnréttisnefnd kirkjunnar – hlutverk

Kirkjuping kýs fimm fulltrúa í jafnréttisnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara.

Hlutverk Jafnréttisnefndar kirkjunnar er:

Að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands og kirkjuráð í málefnum er varða jafnrétti kynjanna.

Að hafa frumkvæði að fræðslu og aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan kirkjunnar.

Að fylgjast með framkvæmd jafnréttisstefnunnar fyrir hönd biskups og kirkjuráðs og gera tillögu til kirkjuráðs um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar til þriggja ára í senn, skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008.³⁾

Jafnréttisnefnd starfar í samstarfi við jafnréttisfulltrúa kirkjunnar. Biskup Íslands skipar jafnréttisfulltrúann og setur honum erindisbréf að fengnum tillögum frá jafnréttisnefnd.

Reglur vegna útleigu á kirkju

❖ Bókanir á kirkju og sal:

- Kirkjувörður heldur utan um bókanir á kirkju og safnaðarsal.
- Allar bókanir skulu **strax** skráðar í dagbækur sóknarprests og kirkjuvarðar.
- Tímasetningar, þ.e. komutími, tímasetning viðburðar og áætluð lok, þurfa að vera á hreinu og **skráðar** í dagbækur (og leigusamning).
- **Nafn** leigutaka þarf að vera skráð í dagbækur ásamt **símanúmerum og netfangi**.
- Gott er senda leigutaka leigusamninginn með leiguskilyrðum í netpósti strax eftir bókun.
- Ef aðrir viðburðir eru bókaðir á undan eða eftir, er mikilvægt að greina leigutaka frá því, sérstaklega ef þétt er bókað.
- Láta leigutaka safnaðarheimilis vita ef eitthvað er bókað í kirkju á sama tíma - og öfugt.

❖ Leiga á kirkju:

- Meginreglan skal vera að leigutaki greiði **fullt gjald** kr. 47.000,- fyrir viðburði í kirkjunni, a.m.k. ef selt er inn. Sé um upptökur að ræða er greitt kr. 3.750,- pr. klst.
- Hægt er að **semja** við leigutaka um að greiða hluta/alla leiguna með tónlistarflutningi við helgiöld í kirkjunni. Það verði þá gert í samráði við organista og sóknarprest.
- Sérstakar beiðnir um niðurfellingu leigugjalds, t.d. vegna styrktartónleika þar sem ágóði rennur ótvírætt til góðra málefna og vegna skóla eða ungmennastarfs, skulu skoðaðar í hverju tilviki fyrir sig.
- Ef ákveðið er að fella niður leigu af fyrrgreindum ástæðum eða öðrum, þá nær það **ekki** yfir greiðslu til kirkjuvarðar. Alltaf skal greitt lágmarksgjald kr. 15.000,-.
- Leigutaki skal undirrita samning, þar sem hann samþykkir leiguskilyrðin.
- Leigutaki ber ábyrgð á að framkvæmd þeirra atburða sem fram fara í kirkju séu í samræmi við þær reglur sem tilgreindar eru í leigusamningi.

❖ Leiga á safnaðarsal:

- Leiga á kirkju og sal er aðskilin. Ef kirkjan er leigð fylgja ekki afnot af safnaðarheimili nema greidd sé leiga fyrir það sérstaklega.

- Meginreglan skal vera að leigutaki greiði **fullt gjald** kr. 30.000,- fyrir notkun á safnaðarsal og 10.000,- kr. viðbótargjald (hreinsunargjald) ef dúkar eru notaðir.
- Meginreglan skal vera sú að umsjónarkona safnaðarheimilis (verktaki/Margrét) fylgi með þegar salurinn er leigður út og þarf að greiða henni tímakaup.
- Þegar salur er leigður út fyrir kvöldveislur skal veislu ljúka eigi síðar en á miðnætti. Einungis er leyfð hófleg neysla léttra áfengra drykkja.
- Leigutaki skal undirrita samning þar sem hann samþykkir leiguskýrðin.
- Leigutaki ber ábyrgð á að framkvæmd þeirra atburða sem fram fara í safnaðarheimili séu í samræmi við þær reglur sem tilgreindar eru í leigusamningi.

❖ **Umgengni:**

- Leigutaka skal gerð grein fyrir því að helgi kirkjunnar gerir kröfur til **virðingar** í allri umgengni, ekki síst í helgasta rými hennar í kór og við altari.
- Leigutaka skal gerð grein fyrir því að hann hafi **ekki** leyfi til að aðhafast nokkuð með muni, stóla, hljóðfæri, hljóðkerfi eða annað í kirkjunni nema í samráði við kirkjuvörð.
- Í þeim tilvikum sem við á skal leigutaki ekki hafa afnot af hljóðfærum kirkjunnar nema í samráði við organista.
- Leigutaki skal beðinn að hafa í huga að það sem fara muni fram á hans vegum í kirkjunni, tónlist eða annað, skuli vera við **hæfi**.

Guðspjónusta – Gátlisti f. kirkjuvörð og messuþjóna

	Fyrir athöfn
	Ath. blóm á altari í tíma – panta ef með þarf
	Undirbúa messukaffi
	Draga fána að húni
	Kveikja ljós í kirkju (ath. kastara)
	Kveikja á og prófa hljóðkerfi
	Tendra á altariskertum
	Setja vatnsglas á altari
	Setja sálmanúmer á töflur
	Koma fyrir stimpli f. fermingarborn
	Klukknahringing 2 mín. fyrir athöfn
	Efni sakramentis á altari (<i>Þegar altarisganga fer fram</i>)
	Huga að bænastjaka/kertaaltari
	Setja messuskrár og sálmaþætur við kirkjudyr
	Móttaka kirkjugesta

	Í athöfn
	Lestur: Lexía
	Lestur: Pistill
	Lestur: Almenn kirkjubæn
	Aðstoð við útdeilingu (<i>Þegar altarisganga fer fram</i>)
	Stjórn skjávarpa
	Eftir athöfn
	Kvittun í bækur fermingarbarna
	Ganga frá hökli
	Slökkva á kertum og ljósum
	Prífa kaleik og patínu og ganga frá
	Taka sálmanúmer niður af töflu.
	Frágangur í safnaðarsal

Guðspjónusta – Gátlisti

	Fyrir athöfn
	Ath. blóm á altari í tíma – panta ef með þarf
	Draga fána að húni
	Kveikja ljós í kirkju (ath. kastara)
	Kveikja á hljóðkerfi
	Kveikja á altariskertum
	Setja vatnsglas á altari
	Setja sálmanúmer á töflur
	Setja messuskrár og sálmabækur við kirkjudyr
	Koma fyrir gestabók og stimpli f. fermingarbörn

	Klukknahting 2 mín. fyrir athöfn
	Þegar altarisganga fer fram
	Setja efni heilags sakramentis á altari
	Raða staupum á grátur
	Eftir athöfn
	Ganga frá hökli
	Slökkva á kertum og ljósum
	Prífa staup, kaleik og patínu og ganga frá
	Taka sálmanúmer niður af töflu.

Hjónavígsla – Gátlisti

	Fyrir athöfn
	Ath. blóm á altari í tíma – þanta ef með þarf
	Setja upp blómaskreytingar á bekki
	Draga fána að húni
	Kveikja ljós í kirkju (ath. kastara)
	Kveikja á hljóðkerfi
	Kveikja á altariskertum
	Setja vatnsglas á altari
	Stilla grátum upp framan við altari
	Staðsetja brúðarstóla
	Eftir athöfn

	Taka niður fána (ef veisla er í safnaðarsal þá eftir veisluna)
	Taka niður blómaskreytingar
	Laga til á altari
	Slökkva á kertum og ljósum

Skírn – Gátlisti

	Fyrir athöfn
	Ath. blóm á altari
	Draga fána að húni
	Kveikja ljós í kirkju
	Kveikja á hljóðkerfi (ef með þarf)
	Setja skírnarkerti við skírnarsá
	Setja ylvolt vatn í skírnarsá
	Kveikja á altariskertum
	Kveika á skírnarkerti
	Afhenda sálmabækur
	Eftir athöfn
	Taka niður fána (ef veisla er í safnaðarsal þá eftir veisluna)
	Ganga frá sálmabókum
	Slökkva á kertum og ljósum

Útför – Gátlisti

	Fyrir athöfn
	Ath. blóm á altari
	Setja upp kistusæti
	Draga fána í hálfra stöng
	Kveikja ljós í kirkju (ath. kastara)
	Kveikja á hljóðkerfi
	Kveikja á altariskertum
	Setja vatnsglas á altari
	Stilla upp ræðupúlti (fyrir þá presta sem vilja)
	Setja moldunarker við kistu
	Líkhringing 2 mín. Fyrir athöfn
	Eftir athöfn
	Draga fána að húni 15-20 mín eftir að líkbíll fer
	Taka niður fána
	Ganga frá kistusæti
	Laga til á altari
	Ganga frá skúða og þráðl. míkrofón
	Slökkva á kertum og ljósum

